



## **Foldaskóli – heildarmat á skólastarfi**

Júní 2011  
Menntasvið Reykjavíkur

**Ritstjóri:** Birna Sigurjónsdóttir

**Ritun skýrslu og fylgiskjala:**

Ásgeir Björgvinsson

Birna Sigurjónsdóttir

Guðrún Edda Bentsdóttir

Hildur björk Svavarsdóttir

Hildur Sigurðardóttir

Una B. Bjarnadóttir

## Efnisyfirlit

.....	1
Efnisyfirlit .....	3
Inngangur .....	4
Mat á skólastarfi .....	4
Skólastarf.....	7
Námsárangur .....	7
Stjórnun .....	9
Skipulag skóladags .....	10
Samstarf við grenndarsamfélagið .....	11
Stefna og starfsáætlun .....	12
Nemendur og líðan .....	13
Stjórn nemendafélags .....	15
Reglur og agi .....	16
Viðvera nemenda.....	18
Viðhorf foreldra og þátttaka í skólastarfi .....	18
Verklag .....	21
Fjölbreyttar leiðir í námi .....	21
Kennsluhættir .....	21
Einstaklingsmiðað nám og markviss samvinna .....	23
Mat á gæðum kennslustunda – vettvangsathuganir.....	24
Skóli án aðgreiningar - sérkennsla .....	25
Skólaþróun og mat .....	29
Virk upplýsingamiðlun.....	30
Skólanámskrá og námsáætlanir .....	31
Heimasíða.....	31
Öruggt, heilnæmt og vistvænt skólaumhverfi .....	32
Mannauður .....	34
Starfsánægja og líðan á vinnustað .....	34
Aðbúnaður .....	36
Símenntun og starfsþróun.....	36
Viðhorf starfsmanna til stjórnunar .....	37
Fjármál .....	38
Úthlutun fjármagns og rekstraráætlun .....	38
Fjárhagsleg staða skólans .....	38
Greining.....	39
Samantekt ábendinga.....	39
Heimildir .....	47
Fylgiskjöl.....	47

## Inngangur

Í skýrslu þessari verður greint frá niðurstöðum heildarmats í Foldaskóla sem fram fór í maí 2011. Matið var framkvæmt af starfsfólki í stýrihópi um heildarmat Menntasviðs. Foldaskóli var einn af sjö skólum þar sem Menntasvið ákvað að fram færi heildarmat á skólastarfi skólaárið 2010-2011. Gagna var aflað með viðtölum, vettvangsathugunum og rýnihópum ásamt því að farið var yfir gögn um skólastarfið.

Leiðarljós við matið var: *Að börnum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.*

Matið er liður í að styðja við skólastarf og kemur til viðbótar sjálfsmati skólanna. Stefna Reykjavíkurborgar í menntamálum er höfð til viðmiðunar í matinu auk annarra ramma um skólastarf; laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnumótunar borgarinnar í starfsmannamálum og mannréttindamálum.

Skólastjóri Foldaskóla er Kristinn Breiðfjörð og aðstoðarskólastjóri er Bára Jóhannsdóttir. Í Foldaskóla eru 359 nemendur í 1.-10. bekk skólaárið 2010-2011. Um 94% af fjölda nemenda sem á lögheimili í skólahverfinu hafa sótt skóla í Foldaskóla. Samkvæmt nemendaspá er gert ráð fyrir að nemendum í Foldaskóla fækki aðeins á næstu árum og þar verði um 335 nemendur árið 2015.<sup>1</sup>

Í skólanum starfa 58 starfsmenn skólaárið 2010-2011 í 53,5 stöðugildum, þar af kennarar í 31,2 stöðugildum. Samkvæmt þessu eru um 6,7 nemendur á hvert stöðugildi sem er aðeins lægra en í borginni í heild að meðaltali (7,1). Ef aðeins er miðað við kennara í Foldaskóla eru 11,5 nemandi á hvert stöðugildi sem er nær sama og í borginni að meðaltali (11,3).

Kennsla hófst í Foldaskóla haustið 1985 en byggingu skólahússins lauk 1991, flestir hafa nemendur verið rúmlega 1200 árið 1990 en hefur síðan fækkað jafnt og þétt og eru nú um 360.

Húsnæði skólans er að stofni til þrjár einingar eða sérstæð hús með tengibyggingu á milli. Vorið 2001 var tekin fyrsta skóflustunga að viðbyggingu þar sem komið var fyrir sérgreinastofum auk íþróttahúss. Kennslustofurnar voru teknar í notkun haustið 2002 um leið og skólinn var einsettur ásamt íþróttahúsi. Þá var nýtt mötuneytiseldhús tekið í notkun haustið 2003 (Heimasíða. Um skólann).

Heildarstærð skólans er um 6,845 m<sup>2</sup> án íþróttasalar. Rúmt er um skólann í húsnæðinu þar sem nemendum hefur fækkað meira en áætlað var í eldri nemendaspám. Lagt hefur verið til í menntaráði Reykjavíkur að sameina unglíngadeildir Hamra-, Húsa-, og Foldaskóla í húsnæði Foldaskóla haustið 2012 og hefur verið settur af stað starfshópur til að meta kosti þessarar tillögu.

## Mat á skólastarfi

Ákvæði um mat og eftirlit með gæðum skólastarfs er í 35.gr. grunnskólalaga nr. 91/2008, þar segir: Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskóla eru að:

---

<sup>1</sup> Nemendaspá gerð á Menntasviði haustið 2010.

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda
- Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla
- Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum
- Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum

Ákvæði um innra mat er í 36. gr. laganna, en þar segir: „Hver skóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.“

Nýtt ákvæði um ytra mat sveitarfélaga er í 37. gr., þar segir: „Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs, sbr. 5. og 6. gr., og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólalags, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólafestu sinnar og áætlanir um umbætur. Sveitarfélög skulu leitast við að fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi.“

Um ytra mat menntamálaráðuneytis er fjallað í 38. gr., þar segir m.a.: „Menntamálaráðuneyti annast greiningu og miðlun upplýsinga um skólalag í grunnskólum á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum skv. 37. gr. og með sjálfstæðri gagnaöflun. Menntamálaráðuneyti gerir áætlun til þriggja ára um kannanir og úttektir sem miða að því að veita upplýsingar um framkvæmd laga þessara og aðalnámskrár grunnskóla og aðra þætti skólastarfs. ...“

Menntaráð ákvað vorið 2007 að láta fara fram heildarmat í 6-7 grunnskólum á ári. Skipaður var stýrihópur heildarmats á Menntasviði til að sjá um framkvæmd matsins undir stjórn Birnu Sigurjónsdóttur, verkefnisstjóra. Alls hefur heildarmat farið fram í 27 grunnskólum í Reykjavík á árunum 2007-2011.

### Markmið heildarmats

- Aðstoða skóla í ljósi eigin sjálfsmats til að efla skólastarfið og styrkja innviði skólans
- Styrkja skólabrag og búa til samhljóm í skólanum
- Gera góðan skóla betri með markvissri hvatningu í starfi
- Veita skólayfirvöldum upplýsingar um gæði skólastarfs og hvernig skólar framfylgja stefnu borgarinnar í menntamálum

### Tímarammi

Gert er ráð fyrir að allt matsferlið taki sex til sjö vikur og viðtöl og vettvangsathuganir fari fram á 1-2 vikum innan þess tíma.

- |   |             |
|---|-------------|
| • Ákvörðun tekin um athugun í skóla                               | vika 1      |
| • Haft samband við skólann og látið vita af fyrirhugaðri heimsókn | vika 1      |
| • Upplýsingum safnað saman/prófill skólans/heimasíða skoðuð       | vika 1      |
| • Viðtöl við skólastjórnendur, kynning fyrir starfsfólki          | vika 2      |
| • Vettvangsathuganir, rýnihópar                                   | vika 3      |
| • Úrvinnsla og skýrslugerð  | vika 4-5    |
| • Skóla gefst færi á að lesa yfir skýrslu                         | vika 5      |
| • Skýrsluskil – formleg   | vika 6      |
| • Upplýsingar til menntaráðs                                      | í lok annar |

### Aðferðir við gagnaöflun:

- Viðtöl við stjórnendur og fulltrúa kennara, fundur með fulltrúum foreldra, fundur með stjórn nemendafélags

- Rýnihópar – stjórnendur, kennarar (tveir til þrír hópar), annað starfsfólk, foreldrar, nemendur (tveir til þrír hópar)
- Vettvangsathuganir með gátlista
  - Athugun á skólabrag og kennslu í kennslustundum og hléum
  - Athugun í skóla
  - Athugun í skólastofu
- Farið yfir gögn:
  - Skólanámskrá og starfsáætlun skólaársins þ.m.t.:
    - Skipurit og starfslýsingar
    - Mannréttindaáætlun
    - Áætlun um foreldrasamstarf
    - Áætlun um starf nemendafélags
  - Yfirlit yfir forföll nemenda og kennara fyrir síðustu heila önn
  - Sjálfsmatskýrslu og umbótaáætlun
  - Heimasíðu skólans
  - Stundaskrár bekkja/árganga 2010-2011(eins og þær eru afhentar nemendum)
  - Yfirlit yfir valgreinar (kenndar á skólaárinu)
  - Kennsluáætlanir 2010-2011 – sýnishorn af yngra, mið- og elsta stigi
  - Sýnishorn af námsmatsblöðum fyrir öll stig
  - Símenntunaráætlun skólans
  - Upplýsingar um öryggisþætti og áhættumat
  - Yfirlit yfir stöðu skólans í könnunum, skimunum og samræmdum prófum
  - Önnur þau gögn sem skólinn vill leggja fram og varpa ljósi á gæði skólastarfsins

### **Skýrsla – endurgjöf – eftirfylgd**

- Gerð verður ítarleg skýrsla um hvern skóla sem skapar umræður innan skólans, er jákvæð og bendir á styrkleika skólans og veikleika.
- Skýrslan afhent skólastjórnendum á fundi með fræðslustjóra. Þeir fá tækifæri til að koma með athugasemdir sem tekið er tillit til við lokagerð.
- Fundað með skólastjórnendum og niðurstöður kynntar á fundi starfsmanna, fulltrúum foreldra og fulltrúum frá þjónustumiðstöð er boðið að sækja þann fund.
- Skólinn gerir umbótaáætlun sem byggir á niðurstöðum matsins og skilar til fræðslustjóra.

Frekari eftirfylgni:

- Komið á samstarfi skóla/netverki um ákveðna þætti sem þarf að vinna með.
- Skólinn getur fengið ráðgjöf frá Menntasviði eða þjónustumiðstöðvum.


Skýrslan er vinnuskjal skólans, en skólar eru hvattir til að birta hana á heimasíðu.

# Skólastarf


## Námsárangur

### Skimanir og árangur í samræmdum prófum

Lesskimunarprófið Læsi var lagt fyrir í 2. bekk Foldaskóla vorið 2010 og var niðurstaða þess að 71% nemendahópsins töldust geta lesið sér til gagns<sup>2</sup> en meðaltal í grunnskólum Reykjavíkur var um 67%.



Meðalárangur nemenda í 2. bekk Foldaskóla vorið 2010 var 77% sem er yfir meðalárangri allra nemenda í Reykjavík sem þátt tóku í prófinu (72%). Þegar prófið var lagt fyrir 2. bekk vorið 2009 var Foldaskóli með meðalárangurinn 77% og þá gátu 78% nemenda lesið sér til gagns.




<sup>2</sup> Þeir nemendur teljast geta lesið sér til gagns sem ná a.m.k. 65% árangri á prófinu.

## Ábendingar

- Meðaltalsárangur nemenda í lestri í 2. bekk 2010 er hærri en í grunnskólum Reykjavíkur að meðaltali (77% miðað við 72% í borginni allri) og herra hlutfall nemenda í Foldaskóla telst geta lesið sér til gagns en að meðaltali (71% miðað við 67%) í borginni allri.
- Árangur í lesskimun vorið 2010 er sami og árið áður (77%) en hlutfallslega færri nemendur teljast geta lesið sér til gagns (71% miðað við 78% árið áður).

**Stærðfræðiskimunin Talnalykill** var lögð fyrir nemendur í 3. bekk í 30 grunnskólum í Reykjavík í nóvember 2010. Meðalárangur nemenda í Foldaskóla það ár í fyrsta þrepi, sem er þátturinn reikningur og aðgerðir, var mælitatalan 10,5 sem er aðeins lakari árangur en meðaltal allra grunnskólanna en það var 11,0. Í Foldaskóla stóðust 73% nemenda viðmiðin í fyrsta þrepi (72% í Reykjavík að meðaltali) og tveir nemendur töldust líklegir til að þurfa stuðning í stærðfræði.



## Ábendingar

- Stærðfræðiskimun með Talnalykli var lögð fyrir nemendur í 3. bekk í Foldaskóla í nóvember 2010. Meðaltalsárangur var mælitatalan 10,5 en meðalárangur nemenda í Reykjavík í þeim þætti prófsins var mælitatalan 11,0.
- Í Foldaskóla stóðust 73% nemenda viðmiðin í fyrsta þrepi (72% í Reykjavík að meðaltali) og tveir nemendur töldust líklegir til að þurfa stuðning í stærðfræði.

## Samræmd könnunarpróf – framfarastuðull<sup>3</sup>

Meðaltalsárangur nemenda í Foldaskóla á samræmdum könnunarprófum í 4., 7. og 10. bekk haustið 2010 er í öllum greinum yfir landsmeðaltali og meðaltali borgarinnar.

Framfarastuðull nemenda í 7. bekk Foldaskóla 2010 er hár í bæði íslensku og stærðfræði og í stærðfræði bendir framfarastuðull til mikilla framfara frá 4. bekk. Í 10. bekk er

<sup>3</sup> Framfarastuðull gefur vísbendingu um hvort frammistaða nemenda í skólanum hafi breyst frá því árgangurinn þreytti samræmd próf fyrr á námsferlinum. Talan 1.00 merkir venjulegar framfarir nemenda. Tölur 0.94 eða lægri og 1.06 eða hærri benda til mikilla breytinga á stöðu nemenda.



framfarastuðull sömuleiðis hár í báðum greinum og í stærðfræði bendir framfarastuðull til mikilla framfara frá 7. bekk (Skýrsla um samræmd könnunarpróf. 2010).

	4. bekkur í Foldaskóla		Reykjavík	
	M 10	M 05-10	M 2010	
<b>Íslenska</b>	32,7	31,7	31,2	
<b>Stærðfræði</b>	32,4	32,6	30,5	

	7. bekkur í Foldaskóla		Reykjavík	Framfarastuðull
	M 10	M 05-10	M 2010	7. b. 2010
<b>Íslenska</b>	31,7	31,1	30,8	1,02
<b>Stærðfræði</b>	36,1	33,1	30,4	1,07

	10. bekkur Foldaskóla		Reykjavík	Framfarastuðull
	M 10	M 05-10	M 2010	10.b.2010
<b>Íslenska</b>	30,7	31,3	30,6	1,04
<b>Stærðfræði</b>	31,7	32,6	30,9	1,07
<b>Enska</b>	32,0	32,1	31	

### Ábendingar

- Meðaltalsárangur nemenda í Foldaskóla á samræmdum könnunarprófum í 4., 7. og 10. bekk haustið 2010 er í öllum greinum yfir landsmeðaltali og meðaltali borgarinnar.
- Framfarastuðull nemenda í 7. bekk Foldaskóla 2010 er hár í bæði íslensku og stærðfræði og í stærðfræði bendir framfarastuðull til mikilla framfara frá 4. bekk.
- Í 10. bekk er framfarastuðull sömuleiðis hár í báðum greinum og í stærðfræði bendir framfarastuðull til mikilla framfara frá 7. bekk.

### Árangur í Pisa 2009

PISA er umfangsmikil alþjóðleg rannsókn á hæfni og getu 15 ára nemenda í lestri, náttúrufræði, stærðfræði og þrautalausn. Í PISA 2009 var lögð áhersla á mælingu á lesskilningi nemenda, en einnig var hluti prófsins endurtekning á mælingum í stærðfræði og náttúrufræði (upplýsingar fengnar af heimasíðu Námsmatsstofnunar [www.namsmat.is](http://www.namsmat.is)).

Skoduð hefur verið staða grunnskóla í Reykjavík út frá árangri í PISA 2009. Foldaskóli er í hópi 10 skóla sem fá besta útkomu í lesskilningi, stærðfræði og náttúrufræði. Þátttaka nemenda í rannsókninni var í góð, 86% 15 ára nemenda í skólanum tóku þátt.

### Ábendingar

- Foldaskóli er í hópi 10 skóla sem fá besta útkomu í lesskilningi, stærðfræði og náttúrufræði í Pisa 2009. Þátttaka nemenda í rannsókninni var 86%.

### Stjórnun

Skólastjóri leggur áherslu á lýðræðislega stjórnunarhætti og samvinnu sem byggir á trausti þannig að hann geti útteilt ábyrgð og verkefnum til samstarfsmanna sinna.

Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri unglíngastígs mynda stjórnunarteymi skólans og hittast reglulega á fundum auk þess sem þau hafa mikið óformlegt samráð. Aðstoðarskólastjóri er einnig deildarstjóri fyrir 1.-6. bekk. Deildarstjórnarnir funda hvor með sínu stigi um málefni stígsins og starfið framundan hverju sinni.

Skrifstofustjóri sér um bókhald og heldur utan um reikninga auk þess sem hún vinnur með deildarstjórum að stundatöflugerð og með ritara í daglegum verkum.

Umsjónarmaður hefur umsjón með húsum og sér um minni háttar viðhald. Hann er næsti yfirmaður skólaliða, heldur utan um þann hóp og fundar með þeim.

Allir stjórnendur leggja áherslu á að þau gangi í öll verk ef á þarf að halda í því sameiginlega verkefni að daglegt skólastarf gangi vel fyrir sig.

Skipurit skólans og starfslýsingar stjórnenda eru í Handbók starfsmanna, kafla um skipurit, stjórnun og skipulag, þar er gerð grein fyrir helstu verkefnum stjórnenda hvers um sig.

Kennarafundir eru á föstum fundartíma einu sinni í viku, einu sinni í mánuði breytast þeir í starfsmannafundi með þátttöku allra starfsmanna. Stígsfundir eru haldnir á nokkurra vikna fresti en ekki alveg reglulega. Dregið hefur úr fagstjórn við skólann samhliða fækkun nemenda sem hefur í för með sér að aðeins 1-2 kennarar eru ábyrgir fyrir hverri námsgrein á unglíngastigi.

Í spurningu um stjórnun skólans í foreldrakönnun 2010 töldu 84% foreldra skólanum vera vel stjórnað, þar af sögðust 38% telja skólanum vera mjög vel stjórnað. Þessi niðurstaða er hærri en að meðaltali í borginni.

Starfsmenn í rýnihópum eru almennt jákvæðir gagnvart stjórnendum sérstaklega deildarstjórum sem sagðir eru duglegir að hrósa. Stjórnendur eru sagðir aðgengilegir fyrir starfsmenn og sýnilegir enda hefur skólastjóri gert sér sérstakt far um það sl. ár að hitta yngri nemendur og foreldra að morgni dags. Nemendur í rýnihópum kannast við skólastjórnann en halda að hann þekki þau ekki, deildarstjóra og aðstoðarskólastjóra þekkja þau betur og vita að til þeirra fara þeir sem brjóta reglur.

## **Skipulag skóladags**

Skólahúsið og skrifstofa skólans er opin frá kl. 7:50 til kl. 16:00 á starfstíma skóla, skóladagur nemenda hefst með kenningu kl. 8:10. Skóladegi lýkur kl. 13:30 hjá 1.-4 bekk. Í 5.-7. bekk lýkur skóladegi kl. 14:00. Dagar eru mislangir hjá 8.-10. bekk og valgreinar raðast í lok dagsins. Frímínútur eru í 20 mínútur milli 2. og 3. stundar og 10 mínútur milli 4. og 5. Matarhlé og frímínútur í hádegi eru í 40-50 mínútur á bilinu frá 12:00-12:50 í 1.-7. bekk og 30 mínútna matarhlé hjá 8.-10. bekk.

Skoðaðar voru stundatöflur bekkja og hópa. Á töflu 1.-4. bekkja eru skráðir 30 tímar, á töflu 5.-7. bekkja 35 nemendatímar og í 8.-10. bekk eru skráðir 37 tímar, þar af 4-6 tímar í valgreinar. Skóladagurinn er skipulagður þannig að kennt er í 80 mínútna lotum hjá öllum árgöngum. Stundatöflur eru samfelldar í öllum árgöngum en dagar mislangir á unglíngastigi. Sundtímar falla inn í töflu.

## Samstarf við grenndarsamfélagið

Samstarf við foreldra er viðamikið að sögn skólastjóra. Samstarf er gott við kirkjuna og byggir á hefð, en áður en kirkjan var reist var messað í skólanum. Svo var hefð fyrir því að presturinn kom og hitti nemendur á litlu-jólum en nú hefur verið tekið upp að fara í kirkjuna í staðinn. Gideonfélagið hefur afhent Nýja-testamentið í Foldaskóla eins og í öðrum skólum.

Samstarf er við leikskólana í hverfinu með gagnkvæmum heimsóknum og „vorskóla“ fyrir nemendur sem eru að hefja skólagöngu sína.

Nokkuð samstarf er við ungmennafélagið Fjölni þeir hafa komið og kynnt félagið og sitt starf. Skólahljómsveit Grafarvogs er staðsett í skólanum og er gott samstarf við hana og mikill samgangur við skólastjórann og kennara að sögn skólastjóra. Tónlistarskóli Hörpunnar er með aðstöðu í skólanum og einnig Tónlistarskóli Grafarvogs sem er með starfsemi sína í næsta nágrenni í verslunarmiðstöðinni en kennarar þaðan koma inn í skólann og nemendur fá að fara út úr tímum í tónlistarkennsluna.

Skólinn hefur verið í samstarfi við Olís að safna ónýtum rafhlöðum, og er það verkefni búið að vera í gangi í þrjú ár.

Foldaskóli tekur þátt í samstarfi grunnskóla í Grafarvogi, m.a. föstum fundum með stjórnendum skólanna og unnið hefur verið að sameiginlegum þróunarverkefnum, s.s. Byrjendalæsi og Orð af orði, auk þess sem skólarnir reka saman fardeild fyrir skólana í hverfinu sem staðsett er í skólanum og er sérhæft úrræði sem þjónar grunnskólunum í borgarhluta 4 (Grafarvogi og Kjalarnesi).

## Ábendingar

- Skólastjóri leggur áherslu á samvinnu sem byggir á trausti og lýðræðislega stjórnunarhætti þannig að hann geti útteilt ábyrgð og verkefnum til samstarfsmanna sinna.
- Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri unglíngastígs mynda stjórnunarteymi skólans og hittast reglulega á fundum auk þess sem þau hafa mikið óformlegt samráð.
- Skipurit skólans og starfslýsingar stjórnenda eru í Handbók starfsmanna, kafla um skipurit, stjórnun og skipulag, þar er gerð grein fyrir helstu verkefnum stjórnenda hvers um sig.
- Kennarafundir eru á föstum fundartíma einu sinni í viku, einu sinni í mánuði breytast þeir í starfsmannafundi með þátttöku allra starfsmanna. Stigsfundir eru á nokkurra vikna fresti, ekki alveg reglulega og stundum á móti kennarafundum.
- Í spurningu um stjórnun skólans í foreldrakönnun 2010 töldu 84% foreldra skólanum vera vel stjórnað, þar af sögðust 38% telja skólanum vera mjög vel stjórnað. Þessi niðurstaða er hærra en að meðaltali í borginni.
- Starfsmenn í rýnihópum eru almennt jákvæðir gagnvart stjórnendum sérstaklega deildarstjórum sem eru sagðir duglegir að hrósa. Stjórnendur eru sagðir aðgengilegir fyrir starfsmenn og sýnilegir.
- Nemendur í rýnihópum kannast við skólastjórann en halda að hann þekki þau ekki, deildarstjóra og aðstoðarskólastjóra þekkja þau betur.
- Skoðaðar voru stundatöflur bekkja og hópa. Á töflu 1.-4. bekkja eru skráðir 30 tímar, á töflu 5.-7. bekkja 35 nemendatímar og í 8.-10. bekk eru skráðir 37 tímar, þar af 4-6 tímar í valgreinar.

- Skóladagurinn er skipulagður þannig að kennt er í 80 mínútna lotum hjá öllum árgöngum. Stundatöflur eru samfelldar í öllum árgöngum en dagar mislangir á unglingastigi. Sundtímar falla inn í töflu.
- Samstarf við foreldra er viðamikil að sögn skólustjóra. Samstarf er gott við kirkjuna og byggir á hefð.
- Skólahljómsveit Grafarvogs er staðsett í skólanum og gott samstarf við hana og mikill samgangur við skólustjóran og kennara. Tónlistarskóli Hörpunnar er með aðstöðu í skólanum og einnig Tónlistarskóli Grafarvogs.
- Samstarf er við leikskólana í hverfinu með gagnkvæmum heimsóknnum og „vorskóla“ fyrir nemendur sem eru að hefja skólagöngu sína.
- Foldaskóli tekur þátt í samstarfi grunnskóla í Grafarvogi, m.a. föstum fundum með stjórnendum skólanna og unnið hefur verið að sameiginlegum þróunarverkefnum, s.s. Byrjendalæsi og Orð af orði.

## **Stefna og starfsáætlun**

Starfsáætlun Foldaskóla fyrir skólaárið 2010-2011 var yfirfarin á grunnskólaskrifstofu Menntasviðs haustið 2010. Hún er vel unnin og framsetning með ágætum og í fullu samræmi við þær kröfur sem Menntasviðs Reykjavíkur gerir til starfsáætlana grunnskóla Reykjavíkur (sjá meðfylgjandi gátlista um starfsáætlun).

Í Handbók starfsmanna er sett fram hlutverk skólans og markmið skólustarfs í Foldaskóla. Einkunnarorð skólans eru: Siðprýði – menntun - sálarheill. Markmiðin eru eftirfarandi:

- Að veita nemendum góða alhliða menntun og búa þá undir fullorðinsárin.
- Að efla með nemendum sjálfstæða, agaða, gagnrýna og skapandi hugsun og góð vinnubrögð.
- Að efla sjálfsmynd nemenda.
- Að efla siðgæðisþroska nemenda, umburðarlyndi og virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.
- Að nemendur öðlist þjálfun í að takast á við mismunandi aðstæður í samskiptum við ólíka einstaklinga.
- Að nemendur læri að hlusta, virða og taka tillit til skoðana annarra.
- Að efla virðingu og jákvæð viðhorf nemenda til náttúrunnar, umhverfisins og alls lífs.
- Að efla samhug og samstarf heimila og skóla til að ná sameiginlegum markmiðum í þágu nemenda. (Handbók starfsmanna,kafla 2.1).

Í nánari útfærslu á markmiðum eru tilgreind rök fyrir þeim og leiðir að markinu. Áherslur skólans og stefnumörkun var unnin í starfsmannahópnum undir stjórn skólustjóra fyrir nokkrum árum og að hans mati er kominn tími á að endurskoða þær ekki síst í ljósi þeirra breytinga sem eru framundan.

Í viðhorfskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar 2009 kemur fram að starfsmenn telja sig almennt þekkja markmið og stefnu vinnustaðarins.

## **Ábendingar**

- Starfsáætlun Foldaskóla fyrir skólaárið 2010-2011 var yfirfarin á grunnskólaskrifstofu Menntasviðs haustið 2010. Hún er vel unnin og framsetning með ágætum og í fullu samræmi við þær kröfur sem Menntasviðs Reykjavíkur gerir til starfsáætlana grunnskóla Reykjavíkur.

- Í Handbók starfsmanna er sett fram hlutverk skólans og markmið skólastarfs í Foldaskóla. Einkunnarorð skólans eru: Siðprýði – menntun - sálarheill.
- Áherslur skólans og stefnumörkun var unnin í starfsmannahópnum undir stjórn skólustjóra fyrir nokkrum árum og að hans mati er kominn tími á að endurskoða þær ekki síst í ljósi þeirra breytinga sem eru framundan.
- Í viðhorfskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar 2009 kemur fram að starfsmenn telja sig þekkja markmið og stefnu vinnustaðarins.

## **Nemendur og líðan**

Í könnun sem lögð var fyrir nemendur í 5.-7. bekk í grunnskólum Reykjavíkur vorið 2009 þar sem spurt var um líðan nemenda í kennslustundum var niðurstaðan í Foldaskóla sú að 74,8% nemenda svöruðu að þeim liði mjög eða frekar vel í kennslustundum. Það er aðeins yfir meðaltali allra grunnskóla í landinu sem var 72.4% (Ungt fólk, 2009).

Skólinn er þátttakandi í Skólapulsinum, vefkerfi sem miðar að því að veita skólustjórnendum stöðugan aðgang að nýjum upplýsingum sem aflað er mánaðarlega um þætti sem tengjast virkni nemenda og líðan þeirra í skólanum og um skóla- og bekkjaranda. Niðurstöður um stöðu nemenda í 6.-10. bekk eru bornar saman við niðurstöður fyrri mælinga í skólanum og við landsmeðaltal sem gefur skýrar vísbindingar um þróun mála í skólanum og stöðu nemenda í skólanum miðað við nemendur í öðrum skólum í landsins.<sup>4</sup>

Í könnun Skólapulssins sem lögð var fyrir úrtak nemenda úr 6.-10. bekk Foldaskóla í apríl 2011 hefur ánægja af lestri aukist frá síðustu mælingum (í des. og feb.) og er nú yfir landsmeðaltali og aðeins yfir meðaltali í samanburði sambærilegra skóla. Áhugi á stærðfræði hefur einnig aukist frá síðustu mælingu og er yfir meðaltali landsins eins og áður. Í samanburði sambærilegra skóla er skólinn einnig yfir meðaltali.

Spurningar er varða líðan nemenda; sjálfsálit, stjórn á eigin lífi, kvíða og vanlíðan koma betur út en í fyrri mælingum en skólinn er í þeim flestum aðeins undir landsmeðaltali og undir meðaltali sambærilegra skóla. Athygli vekur kynjamunur í spurningum sem varða líðan þar sem strákar koma betur út en stelpur. Spurning um einelti kemur aðeins verr út en áður en ekki marktækt.

Spurningar í Skólapulsinum sem varða skóla- og bekkjaranda koma almennt vel út og er skólinn yfir meðaltali sambærilegra skóla. Mikilvægi heimavinnu í heimavinnu í námi hefur hækkað marktækt milli mælinga.

Í foreldrakönnun 2010 mátu foreldrar í Foldaskóla líðan barna sinna í skólanum almennt upp á skorið 4,2 sem jafngildir því að þar líði þeim að meðaltali *oftast vel* og reyndar gott betur en það. Hér voru gildin í öllum tilvikum hærri eða jafnhá og þau voru í könnuninni árið 2008 og í öllum tilvikum hærri eða jafnhá meðaltölum borgarinnar (Foreldrakönnun 2010).

Skólinn er þátttakandi í Olweusarverkefni gegn einelti og beitir aðferðafræði Olweusar við úrlausn eineltismála og í forvörnum við einelti. Eineltisteymi er starfandi við skólann og er hlutverk þess að veita kennurum stuðning við úrlausn eineltismála. Unnið er eftir áætlun um varnir gegn einelti (Handbók starfsmanna Foldaskóla).

<sup>4</sup> Upplýsingar sóttar á vef verkefnisins, [www.skolapulsinn.is](http://www.skolapulsinn.is) 8. janúar 2009.

Eineltiskönnun er gerð árlega. Í könnun sem lögð var fyrir í 4.-10. bekk í nóvember 2010 svara 3.8% nemenda að þau hafi orðið fyrir einelti tvisvar í síðasta mánuði eða oftar. Það er undir meðaltali í öðrum skólum. Aðeins hærra hlutfall drengja en stúlkna telja sig hafa orðið fyrir einelti. Eineltið virðist mest hjá drengjum á miðstigi. Einelti á sér helst stað á skólalóðinni og á göngunum (Heimasíða. Eineltiskönnun 2010).

Af 54 foreldrum í Foldaskóla er svöruðu spurningu um hvort barn þeirra hefði verið lagt í einelti í skólanum, sögðu 19 eða 35%, svo vera. Meðaltalið fyrir skólana alla var 27%. Af þessum nítján foreldrum svöruðu fimmtán spurningu um hvernig skólinn hefði tekið á málinu. Sex (40%) sögðu að skólinn hefði brugðist *fljótt og vel* við eineltinu, sjö (47%) sögðu að skólinn hefði brugðist *vel en ekki nógu fljótt* við og tveir (13%) sögðu að skólinn *hefði ekki tekið á málinu*. Niðurstaðan í skólanum varðandi viðbrögðin var betri en niðurstaðan í borginni allri.

Nemendur í rýnihópum tala flest um að þeim líði vel í skólanum og séu örugg en þær raddir heyrast líka að þau séu ekki alltaf örugg um sig „maður er öruggur ef maður á góða vini“ og flestir eiga vini segja þau. Nefnd eru dæmi um að námsráðgjafi hafi aðstoðað þann sem átti erfitt með að finna vini. Á miðstigi og unglिंगastigi er talað um klíkur sem „myndast ósjálfrátt“ og „það er alltaf einhver sem er aðal í bekknum“, segja þau. Vinahópar myndast í bekkjunum en það eru ekki mikil samskipti milli bekkja, kemur líka fram.

Nemendur tala almennt vel um kennara sína, þeir eru „fínir“ og „skemmtilegir“ en „sumir kennarar ráða ekki við suma krakkana“. Gagnrýnust eru þau á unglिंगastigi og segja viðmót kennara misjafnt, mismikill húmor og kennarar mislíflegir að þeirra mati.

## Ábendingar

- Í könnun sem lögð var fyrir nemendur í 5.-7. bekk í grunnskólum Reykjavíkur vorið 2009 þar sem spurt var um líðan nemenda í kennslustundum var niðurstaðan í Foldaskóla sú að 74,8% nemenda svöruðu að þeim líði mjög eða frekar vel í kennslustundum. Það er yfir meðaltali allra grunnskóla í landinu sem var 72.4%.
- Í könnun Skólapúlsins sem lögð var fyrir úrtak nemenda úr 6.-10. bekk Foldaskóla í apríl 2011 hefur ánægja af lestri aukist frá síðustu mælingum (í des. og feb.) og er nú yfir landsmeðaltali og aðeins yfir meðaltali í samanburði sambærilegra skóla.
- Áhugi á stærðfræði hefur einnig aukist frá síðustu mælingu og er yfir meðaltali landsins eins og áður. Í samanburði sambærilegra skóla er skólinn einnig yfir meðaltali.
- Spurningar er varða líðan nemenda; sjálfsálit, stjórn á eigin lífi, kvíða og vanlíðan koma betur út en í fyrri mælingum.
- Spurningar í Skólapúlsinum sem varða skóla- og bekkjaranda koma almennt vel út og er skólinn yfir meðaltali sambærilegra skóla.
- Foreldrar barna í Foldaskóla mátu líðan barna sinna í skólanum upp á skorið 4,2 í foreldrakönnun 2010. Meðaltalið í borginni allri var 4,1.
- Skólinn er þátttakandi í Olweusarverkefni gegn einelti og beitir aðferðafræði Olweusar við úrlausn eineltismála og í forvörnum við einelti.
- Eineltiskönnun er gerð árlega. Í könnun sem lögð var fyrir í 4.-10. bekk í nóvember 2010 kemur fram að 3,8% nemenda telja sig hafa orðið fyrir einelti í síðasta mánuði sem er lægra en almennt gerist. Einelti mælist mest meðal drengja á miðstigi. Einelti á sér helst stað á skólalóðinni og á göngunum.
- Spurning um einelti kemur verr út í Skólapúlsinum en áður en ekki marktækt þó.

- Af 54 foreldrum í Foldaskóla er svöruðu spurningu um hvort barn þeirra hefði verið lagt í einelti í skólanum, sögðu 19 eða 35%, svo vera. Meðaltalið fyrir skólana alla var 27%.
- Nemendur í rýnihópum tala flest um að þeim líði vel í skólanum og séu örugg en þær raddir heyrast líka að þau séu ekki alltaf örugg um sig „maður er öruggur ef maður á góða vini“ og flestir eiga vini segja þau.
- Nemendur tala almennt vel um kennara sína, þeir eru „fínir“ og „skemmtilegir“ en „sumir kennarar ráða ekki við suma krakkana“. Gagnrýnust eru þau á unglíngastigi og segja viðmót kennara misjafnt.

## Stjórn nemendafélags

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segir í 10. grein um nemendafélög:

„Við grunnskóla skal starfa nemendafélag og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess. Nemendafélag vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skal skólastjóri sjá til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Nemendafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð skv. 2. mgr. 8. gr.“

Alls skipa 11 fulltrúar úr 8.-10. bekk stjórn nemendafélags Foldaskóla og eru þeir kosnir af nemendum. Þrjú fulltrúar er úr hvorum árgangi í 8. og 9. bekk og 5 úr 10. bekk. Meðtaldir eru 5 varafulltrúar sem eru með í starfi stjórnarinnar. Kosið er í embætti formanns innan stjórnarinnar en að auki er skipað í embætti varaformanns, gjaldkera og ritara. Starfsmaður ÍTR í félagsmiðstöð hefur umsjón með starfi stjórnarinnar en stjórnin fundar ekki með öðrum starfsmönnum í skólanum, hvorki félagsgreinakennara né stjórnendum.

Starfsmenn heildarmats áttu rýnifund með 7 fulltrúum úr stjórn nemendafélags þar sem fulltrúarnir gáfu upplýsingar um skipulag á starfi stjórnarinnar og nemendafélagið. Á fundinum voru 5 stúlkur og 2 drengir og aðspurð sögðu þau nokkuð fleiri stúlkur vera í stjórninni. Að sögn fulltrúanna eru embættin sem skipað er í ekki mikið notuð. Ákveðin dagskrá er fyrir fundina en starfsmaður ÍTR stýrir fundunum og skrifar fundargerðir. Stjórnin hefur fundartíma utan skólatíma og fundar að jafnaði einu sinni í viku og fer tíminn eftir því hvenær nemendurnir geta mætt. Fundirnir eru u.þ.b. klukkustundar langir. Hlutverk stjórnarinnar er að skipuleggja félagslíf unglínginga og ákveðna viðburði. Mæting er að þeirra sögn ágæt á viðburði, yngstu nemendur unglíngadeildar mæta best en nemendur 9. bekkjar síst. Það kom fram á fundinum að 6. og 7. bekkur væru með sérstaka stjórn fyrir sig og því sæju eldri nemendur ekki um viðburði fyrir þá yngri.

Nemendurnir sögðust hafa fengið upplýsingar frá starfsmanni ÍTR sem hefur umsjón með félagsstarfinu um hlutverk stjórnarinnar sem kynnti starfið inni í bekkjum. Eftir kjörið fengu nemendur leiðsögn í fundarsköpum og fyrsti fundurinn fór í að kynna fyrir nemendum hagnýt mál í tengslum við fundina.

Spurt var um val í skólaráðið og svöruðu nemendur því til að það hefði verið leitað til stjórnarinnar vegna þess, en það hefði verið starfsmaður skólans sem valdi í skólaráðið. Sá fulltrúi sem situr fyrir hönd nemenda í skólaráði sagði að nemendur væru lítið að koma til sín með erindi til að taka fyrir í skólaráði en hún hefði hinsvegar sjálf tekið upp mál í skólaráði að eigin frumkvæði.

Nemendurnir sögðu stjórnina ágætlega kynnta fyrir öðrum nemendum, nöfnin þeirra hengju upp í stofunum og félagsmiðstöðin væri á fésbók. Einnig stæði til að setja upp hugmyndakassa. Þau sögðu að ekki mætti ganga í bekk og kynna viðburði þar sem það truflaði kennsluna og því væru viðburðir auglýstir í matsal sem næði ekki nægilega vel til allra. Þau sáu þær lausnir á þessu að það mætti fá kennara til að kynna þetta í tímum og einnig mætti skoða að setja auglýsingar inn á Mentor.

Á rýnifundinum vildu nemendur nýta tækifærið og koma á framfæri nokkrum athugasemdum. Þeim fannst þau sjá of lítið af skólastjóra, hann þekkti þau varla, heilsaði þeim ekki og það þætti þeim miður. Þau myndu gjarnan vilja sjá hann meira í tengslum við félagsstarfið, s.s. á fundum stjórnarinnar. Einnig kom fram athugasemd frá þeim um það að starfsmenn félagsmiðstöðvarinnar mismunuðu nemendum og leggðu sig ekki nóg fram um að kynnast öllum nemendum. Þau upplifðu sig t.d. stundum útilokuð í samræðum við starfsmennina.

Nemendurnir höfðu einnig athugasemdir við eitt og annað í skólastarfinu. Þeim finnst prófin vera of ört að vori og myndu gjarnan vilja hafa daga inn á milli þar sem ekki væru próf. Þau sakna vettvangsferða og sögðu of lítið uppbot og of litla fjölbreytni í starfinu í unglíngadeildinni. Nemendurnir töldu einnig að viðhorf sumra kennara gagnvart þeim væri neikvætt. Þau fengju að heyra hvað þau væru erfið og að kvartað væri yfir þeim á kennarastofunni, allir nemendur á fundinum töldu sig vera í erfiðasta bekknum. Nemendurnir höfðu töluvert við skólalóðina að athuga og nýtingu hennar. Þau sögðu að búið væri að safna fyrir mörkum og þau hefðu einnig búið við sparkvelli. Nú væri hinsvegar búið að helluleggja og gróðursetja og setja bílastæði á svæðum sem þau töldu að ætti að vera nemendasvæði á skólalóð.

### Ábendingar

- Nemendur í stjórn nemendafélags Foldaskóla segja þátttöku í félagslífinu vera góða.
- Athuga mætti hvort hægt væri að virkja betur nemendur í stjórn nemendafélagsins til að taka meiri ábyrgð, s.s. varðandi fundarstjórn og ritun fundargerða.
- Athuga mætti hvort tengsl skólans við stjórn nemendafélags gætu verið meiri þar sem starfið virðist eins og staðan er nú nánast alveg á forræði félagsmiðstöðvar.
- Athygli er vakin á því að samkvæmt 10. grein grunnskólalaga nr. 91/2008 skal nemendafélagið setja sér reglur um kjör fulltrúa nemenda í skólaráð. Einnig má athuga að kynna störf skólaráðs betur fyrir nemendum.

### Reglur og agi

Í Handbók nemenda og foreldra í Foldaskóla, kaflanum: *Að vera í Foldaskóla* eru birtar skólareglur, svo og öryggis- og umgengnisreglur og viðurlög við þeim. Undir fyrirsögninni lífsgildi segir: Berum virðingu fyrir sjálfum okkur, öðrum og umhverfinu. Í Foldaskóla virðum við hvert annað og leggjum áherslu á samvinnu. Við lærum jákvæð samskipti og skynjum þann mátt sem felst í góðri samvinnu. Kurteisi og gagnkvæm tillitssemi eiga að vera einkunnarorð í samskiptum allra sem starfa í skólanum; nemenda, kennara og annarra starfsmanna. Reglur skólans taka mið af þessum gildum (Heimasíða. Handbók nemenda og foreldra).

Skólareglur uppfylla að mestu þau viðmið sem kveðið er um í grunnskólalögum (nr. 91/2008) og núgildandi reglugerð um skólareglur (nr. 270/2000), sjá meðfylgjandi gátlista um skólareglur.



Uppbyggingarstefna (Restitution) í skólastarfi var innleidd í Foldaskóla fyrir nokkrum árum og enn er unnið eftir henni en þó mest í yngri deildum. Uppbyggingarstefna er hugmyndakerfi sem í felst bæði aðferð og stefnumörkun skóla til bættra samskipta. Meginatriðið er að kenna börnum og unglingum sjálfsaga og sjálfsstjórn. Þau læra að þekkja þarfir sínar og hvernig þau geta sinnt þeim af ábyrgð. Þau læra að það er eðlilegt og mannlegt að gera mistök og þegar það gerist fáum við tækifæri til að læra og vaxa að visku og andlegum vexti. Þegar einhverjum verður eitthvað á og hann brýtur reglu eða sýnir einhverjum í hópnunum ranglæti er honum hjálpað til að bæta fyrir brot sitt, læra af mistökunum og vaxa af því (Heimasíða. Uppbyggingarstefna).

Í rýnihópum kennara og starfsmanna kemur fram að almennt sé góður vinnufriður í kennslu og samskipti við nemendur góð. Skólareglur eru skýrar að þeirra mati og nemendur meðvitaðir um þær. Kennarar yngri barna segjast ná til meginþorra hópsins með jákvæðri uppbyggingarstefnu, hvatningu og hrósi, en við „náum ekki til allra með þessari stefnu“. Starfsmenn eru sammála um að bæði skólareglur og bekkjarreglur séu sýnilegar og nemendur þekki þær og viðurlög við brotum og „eru lítið að brjóta reglurnar“. Þó er það ekki alltaf skýrt að þeirra mati hvenær farið er yfir mörkin og misjafnt eftir kennurum hvar þau eru sett. Hjá kennara kemur fram að stjórnendur standi þétt við hlið kennara í agamálum og tekið er á þeim fljótt og afdráttarlaust.

Nemendur í rýnihópum þekkja skólareglur og viðurlög við brotum á þeim og þeim finnst almennt vera vinnufriður í tímum. Á unglingastigi eru nemendur heldur neikvæðari gagnvart reglum finnst þær „asnalegar“ og misjafnt eftir kennurum hvernig tekið er á agabrotum. Þeim finnst líka að kennarar mættu hrósa meira.

Í flestum kennslustundum sem heimsóttar voru mátti sjá styrka stjórn kennara og góðan vinnufrið (sjá fylgiskjal; vettvangsathuganir).

Í foreldrakönnun 2010 kom fram að um 80% svarenda í Foldaskóla fannst aginn hæfilegur sem er aðeins undir meðaltali í borginni allri (tæp 83%). Foreldrar í rýnihópi segja misjafnt hvernig kennarar og starfsfólk koma fram við börnin „flestir almennilegir en aðrir verri“.

### Ábendingar

- Í Handbók nemenda og foreldra í Foldaskóla, kaflanum: *Að vera í Foldaskóla* eru birtar skólareglur svo og öryggis- og umgengnisreglur og viðurlög við þeim.
- Skólareglur uppfylla að mestu þau viðmið sem kveðið er um í grunnskólalögum (nr. 91/2008) og nágildandi reglugerð um skólareglur (nr. 270/2000), sjá meðfylgjandi gátlista um skólareglur.
- Uppbyggingarstefna (Restitution) í skólastarfi var innleidd í Foldaskóla fyrir nokkrum árum og enn er unnið eftir henni en þó mest í yngri deildum. Uppbyggingarstefna er hugmyndakerfi sem í felst bæði aðferð og stefnumörkun skóla til bættra samskipta.
- Í rýnihópum kennara og starfsmanna kemur fram að almennt sé góður vinnufriður í kennslu og samskipti við nemendur góð. Skólareglur eru skýrar að þeirra mati og nemendur meðvitaðir um þær.
- Þó er það ekki alltaf skýrt að þeirra mati hvenær farið er yfir mörkin og misjafnt eftir kennurum hvar þau eru sett. Hjá kennara kemur fram að stjórnendur standi þétt við hlið kennara í agamálum og tekið er á þeim fljótt og afdráttarlaust.
- Í flestum kennslustundum sem heimsóttar voru mátti sjá styrka stjórn kennara og góðan vinnufrið (sjá fylgiskjal; vettvangsathuganir).

- Í foreldrakönnun 2010 kom fram að um 80% svarenda í Foldaskóla fannst aginn hæfilegur sem er undir meðaltali í borginni allri (tæp 83%).

## Viðvera nemenda

Farið var yfir forföll nemenda á haustönn 2010 eftir árgöngum. Reiknað var hlutfall miðað við heildartímafjöldna á önninni. Fjarvera nemenda vegna veikinda, leyfa eða fjarvista er almennt svipuð og að meðaltali í öðrum skólum og minni í yngri deildum en unglíngadeild. Fjarvistir (óheimilar) eru hlutfallslega mestar í öðrum 9. bekknum og öðrum 10. bekknum.

Samkvæmt mælingu í Skólapulsinum hefur dregið úr fjarveru milli mælinga og er hún minni í apríl en febrúar.

## Ábendingar

- Fjarvera nemenda vegna veikinda, leyfa eða fjarvista er almennt svipuð og að meðaltali í öðrum skólum og minni í yngri deildum en unglíngadeild. Fjarvistir (óheimilar) eru hlutfallslega mestar í öðrum 9. bekknum og öðrum 10. bekknum.

## Viðhorf foreldra og þátttaka í skólastarfi

Í Handbók nemenda og foreldra Foldaskóla, kafla um samstarf skóla og heimila segir: Gott samstarf heimila og skóla er ein meginforsendan fyrir góðu skólastarfi. Foreldradagar (viðtöl) eru haldnir tvisvar á vetri. Foreldrar geta nálgast upplýsingarum stöðu nemenda í gegnum Mentor og með samskiptum við umsjónarkennara. Einnig eru þeir velkomnir í heimsókn í skólann (Heimasíða. Handbók nemenda og foreldra). Í handbók starfsmanna kemur fram að samstarfsgrundvöllurinn er **samstarfið um barnið** og mikilvægt að samskipti séu góð, upplýsingar gagnvirkar og aðilar sýni hvort öðru virðingu og traust (Handbók starfsmanna. Samskipti heimila og skóla).

Í foreldrakönnuninni veturinn 2010 svaraði 61 foreldri í Foldaskóla könnuninni af 93 í úrtaki, sem er 66 % svörun. Svarhlutfallið var 65% fyrir alla grunnskólana í borginni. Í skólanum voru 371 nemandi skólaárið 2009-2010, sem þýðir að svör vegna u.þ.b. 16% nemenda í skólanum var að finna í könnuninni.

Helstu niðurstöður voru þær að 87% foreldranna sögðust vera ánægð með skólann, þar af sögðust 38% vera *mjög ánægð*. Ánægjuhlutfallið í Foldaskóla var 82-83% í fyrstu könnuninum árin 2000 og 2002. Hlutfallið lækkaði niður í 72% í mælingunni árið 2004 en hefur hækkað í könnunum þremur síðan og var sem sagt komið upp í 87% árið 2010 og hefur aldrei verið hærra. Á kvarðanum 1 til 5 hækkaði skólinn um 0,4 frá 2008 til 2010, fór úr 3,8 í 4,2. Skólinn var 0,1 yfir meðaltalsánægjunni í borginni allri árið 2010.

Í spurningu um stjórnun skólans töldu 84% foreldra skólanum vera vel stjórnað, þar af sögðust 38% telja skólanum vera *mjög vel* stjórnað. Í fyrstu könnuninni árið 2000 var ánægjuhlutfallið í skólanum með stjórnunina 87% en fór mikið niður á við í næstu tveimur mælingum og mældist 58% árið 2004. Síðan þá hefur ánægjuhlutfallið hækkað í öllum mælingum og var komið í 84% eins og áður sagði árið 2010. Á kvarðanum 1 til 5 hækkaði skólinn um 0,5 á milli mælinganna 2008 og 2010, fór úr 3,7 í 4,2. Meðaltalið í borginni allri fyrir árið 2010 var 4,0 og skólinn því 0,2 yfir meðaltali.

Ánægja foreldra með umsjónarkennara barnanna var mjög mikil í skólanum fyrir árið 2010. Í helstu spurningum um umsjónarkennarann voru meðaltölin fjórir og þar yfir í fimm tilvikum

af sex, í öllum tilvikum hærrí en meðaltöl skólans árið 2008 og í öllum tilvikum hærrí eða jöfn meðaltölum borgarinnar allrar.

Um 93% svarenda fannst skólinn gera *hæfilegar* námslegar kröfur til barnsins síns, 80% fannst aginn *hæfilegur* og 78% fannst magn heimavinnu barnsins *hæfileg*. Skólinn var hér hærrí en Reykjavík í tveimur tilvikum en lægri þegar kom að aganum.

Sé miðað við könnunina 2008, þá jókst ánægja foreldra með almennt ástand húsnæðis, aðstöðu til að matast, leikaðstöðu á skólalóð, samskipti starfsfólks við barn þeirra og hvernig skólinn kom til móts við þarfir barns þeirra en minnkaði hvað varðar aðstöðu til íþróttaiðkunar. Meðaltöl skólans voru hér oftast hærrí eða jafnhá meðaltölum borginnar.

Í heildina kom skólinn mjög vel út í foreldrakönnuninni fyrir árið 2010. Langflestir voru ánægðir með skólann og langflestum fannst skólanum vel stjórnað. Þá var ánægja með umsjónarkennara mjög mikil, líðansurningar komu vel út sem og mat foreldra á námslegum kröfum skólans og magn heimavinnu. Einnig hafði aukist ánægja með marga af ytri þáttum skólastarfssins eins og almennt ástand húsnæðis og leikaðstöðu á skólalóð. Svör um einelti komu hinsvegar ekki eins vel út en mat foreldra á einelti mældist hærrí í skólanum en í borginni allri. Engu að síður var ánægja svarenda með viðbrögðin meiri en í borginni.

Foreldrar í rýnihópi segja aðgengi að kennurum gott og flestir senda vikulega upplýsingar um nám barnanna, hvað er fram undan og hvað er verið að leggja áherslu á. Þeim finnst þó æskilegt að sjá kennara oftár en nú er.

Styrkur skólans að mati foreldra í rýnihópi er áhersla á lestur og framsögn. Einnig að skólahúsnæðið er gott og verkgreinar með mjög góða aðstöðu. Skólastarfið er traust og gott og lítil hreyfing á kennurum sem er líka galli, því þetta er kannski orðið of þægilegt og lítill áhugi á að breyta e-u. Þeim finnst líka að foreldrasamstarf mætti vera meira og foreldrum oftár boðið í heimsókn á skólatíma.

### **Skólaráð og foreldrafélag**

Skólaráð fundar einu sinni í mánuði, það starfar skv. lögum og reglugerð, þar situr skólastjóri og þrír fulltrúar starfsmanna skólans auk fulltrúa foreldra og nemenda. Verkefnalisti er gerður fyrir skólaráðið og er hann á heimasíðu skólans, fundir eru boðaðir með dagskrá og fundargerðir skrifaðar eftir fundi og settar á heimasíðu.

Foreldrar í rýnihópi eru ánægðir með starf skólaráðsins, fulltrúar foreldra í skólaráði segjast vera fullgildir álitsgjafar „það er virkilega hlustað á okkur“ og jafnframt veitir ráðið skólastjóra stuðning. Skólaráðið fundar með stjórn foreldrafélags til gagnkvæmrar upplýsingagjafar.

Foreldrafélag er starfandi við skólann, á heimasíðu kemur fram að allir foreldrar og forráðamenn nemenda í skólanum eru félagar. Markmið félagsins eru að styðja skólastarfið og efla tengsl heimila og skóla, að stuðla að velferð nemenda og að vera samstarfs- og samstöðuvettvangur foreldra innbyrðis. Mæting mætti vera betri á aðalfund félagsins.

Á hverju hausti eru valdir 3 bekkjarfulltrúar fyrir hvern bekk eða þeir eru tilnefndir í samráði við fyrri bekkjarfulltrúa. Hlutverk þeirra er að stuðla að auknu samstarfi foreldra, kennara og nemenda innan hvers bekkjar. Bekkjarfulltrúar sjá um foreldrarölt og bekkjarkvöld og á þau

er almennt vel mætt. Þeir halda einnig utan um svokallaðar bekkjarmöppur sem fylgja bekknum þar sem kemur fram hvað hefur verið gert sameiginlega.

Foreldrafélagið hefur umsjón með nokkrum föstum árlegum viðburðum, s.s. jólaföndri, páskabingói og vorfagnaði.

Á heimasíðu skólans eru upplýsingar um stjórn félagsins og helstu verkefni þess.

### Ábendingar

- Í Handbók nemenda og foreldra Foldaskóla, kafla um samstarf skóla og heimila segir: Gott samstarf heimila og skóla er ein meginforsendan fyrir góðu skólastarfi og samstarfsgrundvöllurinn er **samstarfið um barnið**.
- Í heildina fær skólinn góða útkomu í foreldrakönnuninni fyrir árið 2010. 87% foreldranna sögðust vera ánægð með skólann og 84% foreldra telja skólanum vera vel stjórnað.
- Ánægja foreldra með umsjónarkennara barnanna var mjög mikil í skólanum fyrir árið 2010 og í öllum tilvikum hærrí eða jöfn meðaltölum borgarinnar allrar.
- Um 93% svarenda fannst skólinn gera *hæfilegar* námslegar kröfur til barnsins síns, 80% fannst aginn *hæfilegur* og 78% fannst magn heimavinnu barnsins *hæfileg*.
- Sé miðað við könnunina 2008, þá jókst ánægja foreldra með almennt ástand húsnæðis, aðstöðu til að matast, leikaðstöðu á skólalóð, samskipti starfsfólks við barn þeirra og hvernig skólinn kom til móts við þarfir barns þeirra en minnkaði hvað varðar aðstöðu til íþróttaiðkunar.
- Foreldrar í rýnihópi segja aðgengi að kennurum gott og flestir senda vikulega upplýsingar um nám barnanna, hvað er fram undan og hvað er verið að leggja áherslu á. Þeim finnst þó æskilegt að sjá kennara oftar.
- Styrkur skólans að mati foreldra í rýnihópi er áhersla á lestur og framsögn. Einnig að skólahúsnæðið er gott og verkgreinar með mjög góða aðstöðu. Skólastarfið er traust og gott og lítil hreyfing á kennurum.
- Þeim finnst líka að foreldrasamstarf mætti vera meira og foreldrum oftar boðið í heimsókn á skólatíma.
- Skólaráð fundar einu sinni í mánuði, það starfar skv. lögum og reglugerð, þar situr skólastjóri og þrír fulltrúar starfsmanna skólans auk fulltrúa foreldra og nemenda.
- Foreldrar í rýnihópi eru ánægðir með starf skólaráðsins, fulltrúar foreldra í skólaráði segjast vera fullgildir álitsgjafar „það er virkilega hlustað á okkur“.
- Foreldrafélag er starfandi við skólann, í starfsáætlun skólans kemur fram að allir foreldrar og forráðamenn eru félagar og bekkjarfulltrúar eru kosnir úr hópi foreldra.
- Foreldrafélagið hefur umsjón með nokkrum föstum árlegum viðburðum, s.s. jólaföndri, páskabingói og vorfagnaði. Bekkjarfulltrúar sjá um foreldrarölt og bekkjarkvöld og á þau er almennt vel mætt.

## Verklag

### ***Fjölbreyttar leiðir í námi***

Gildi skólans eru: Siðprýði – Menntun – Sálárheill. ***Markmið skólastarfsins eins og þau eru sett fram í skólastefnu eru:***

- Að veita nemendum góða alhliða menntun og búa þá undir fullorðinsárin.
- Að efla með nemendum sjálfstæða, agaða, gagnrýna og skapandi hugsun og góð vinnubrögð.
- Að efla sjálfsmynd nemenda.
- Að efla siðgæðisþroska nemenda, umburðarlyndi og virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.
- Að nemendur öðlist þjálfun í að takast á við mismunandi aðstæður í samskiptum við ólíka einstaklinga.
- Að nemendur læri að hlusta, virða og taka tillit til skoðana annarra.
- Að efla virðingu og jákvæð viðhorf nemenda til náttúrunnar, umhverfisins og alls lífs.
- Að efla samhug og samstarf heimila og skóla til að ná sameiginlegum markmiðum í þágu nemenda.

Þessi markmið eru endurtekin í námsvísum árganga og tengja þannig á milli stefnunnar og markmiða í einstökum námsgreinum, þó með ákveðnum sveigjanleika og með tilliti til þroska hvers og eins, segir í námsvísu yngri árganga.

Í skólanum er hefðbundin bekkjarkennsla. Umsjónarkennari kennir flestar greinar í 1.-7. bekk en sérgreinakennurum fjölgar eftir því sem ofar dregur. Í yngri bekkjunum fá nemendur vikulega námsáætlun sem greinir frá viðfangsefnum vikunnar, hvað nemendur eiga að læra heima og hvenær skila á heimaverkefnum. Þegar fram í sækir þurfa nemendur að halda sína eigin dagbók. Á unglíngastigi eru allar kjarnagreinar kenndar í bekkjum, frjálst val í 8.-10. bekk getur verið frá fjórum og upp í sjö stundir. Mikið úrval er í frjálsum vali (Heimasíða. Námskipulag).

Í námsvísu árganga eru birt almenn markmið, lýsing á námsmati og kennsluáætluðum auk þess sem þar koma fram markmið, leiðir að markmiðum, námsþættir, námsgögn og námsmat í hverri námsgrein. Gerð er grein fyrir tilhögun heimavinnu í sumum árgöngum en ekki öllum.

Skoðuð voru sýnishorn af kennsluáætlunum, þær eru ólíkt fram settar eftir greinum og aldri nemenda. Í sumum tilvikum er áætlunin samhljóða því sem fram kemur í námsvísi en í öðrum er lýst kennsluáferðum og vinnubrögðum og tilgreint hvað á að fara yfir af námsefni í hverri viku.


Kennsluáætlanir fara í Mentor og þar er einnig að finna heimavinnuáætlun. Nemendum í rýnihópi finnst heimanámið almennt ekki mikið „ef við klárum ekki í tímum þá þurfum við að vinna heima“.

### **Kennsluhættir**

Kennsluhættir eru fjölbreyttir að mati kennara, en þó mismunandi eftir kennurum og greinum. Faggreinakennsla er í eldri bekkjum og ber hver kennari ábyrgð á sinni grein. Í yngri deildum er unnið með *Byrjendalæsi*, og aðferðir tengdar *Orð af orði* í kennslu. Að hluta er nám yngstu

nemenda einstaklingsmiðað. Á unglingsstigi er starfið í föstum skorðum að sögn kennara og ramminn skýr.

Í vettvangsathugunum voru nemendur oftast að vinna að verkefnum undir stjórn kennara, allir að sama eða hliðstæðu verkefni í um 47% þeirra stunda sem heimsóttar voru, bein kennsla/innlögn/umræður voru í um 22% stunda, verklegt og sköpun og tjáningu var merkt við í list- og verkgreinum fyrst og fremst og markvissa samvinnu eða sjálfstæða vinnu að einhverju leyti að eigin vali var merkt við í 4 tilvikum eða í um 10% tilvika.<sup>5</sup>



	Alls	1.-4.b.	5.-7.b.	8.-10.b.	List-og verk
Bein kennsla/innlögn/umræður	9	1	1	6	1
Verkefnavinna undir stjórn kennara	19	7	5	6	1
Þemavinna	0				0
Verklegt-	5		1		4
Sköpun - tjáning	3		1		2
Tilraunir	0				0
Markviss samvinna í hóp	2	1	1		0
Sjálfstæð vinna nemenda, að e-u leyti að eigin vali	2	1		1	0
Farið yfir heimavinnu	0				0

<sup>5</sup> Í hverri stund getur verið merkt við öll vinnubrögð sem fyrir koma. Fjöldi merkinga er því meiri en fjöldi stunda sem fylgt var með.

## **Sérstaða skólans**

Skólinn er Grænánaskóli og hefur einnig verið að taka upp útikennslu. Löng hefð er fyrir kennslu í nýsköpun og skólinn var um árabíl móðurskóli í nýsköpun. Þá sömdu tveir kennarar Foldaskóla námsefni í nýsköpun fyrir 4. til 7. bekk. Þetta námsefni hefur verið tilraunakennt í skólanum og endurskoðað út frá því.

## **List- og verkgreinar**

List- og verkgreinar eru í sumum tilfellum kenndar í námskeiðsformi eða svokallaðri hringekju. Þá er árganginum skipt í hópa sem stunda nám í greininni í nokkrar vikur. Vikustundum er þá fjölgað þannig að heildarfjöldi kennslustunda yfir veturinn veði réttur. Kosturinn við þetta fyrirkomulag er að betri samfella næst í náminu og auðvelt er að skipuleggja þemaverkefni (Handbók starfsmanna. Nám, kennsla og námsmat).

## **Valgreinar**

Boðið er upp á val í um 40 valgreinum í 8.-10. bekk. Þar af tengist nærri helmingur list- og verkgreinum. Til að auka fjölbreytnina í valáföngum er boðið upp á sameiginlegt val í grunnskólunum í Grafarvogi. Nemendur þurfa í þeim tilvikum að koma sér á milli skólanna og sækja námið í blönduðum hópi nemenda úr Grafarvogi. Einnig er boðið upp á nokkra valáfanga í Borgarholtsskóla. Fjöldi valgreina er misjafn eftir árgöngum eða 4-6 stundir og eru sumar þeirra kenndar í blönduðum hópi 8. -10. bekkja.

## **Skólasafn**

Skólasafnið er upplýsinga- og menningarmiðstöð skólans, segir í Handbók starfsmanna. Þar er að finna fjölbreyttan bókakost bæði til yndislesturs og fræðivinnu á öllum stigum skólans. Safnið er opið frá 8:10 til 15:00 samkvæmt upplýsingum á heimasíðu skólans. Meðan kennsla fer fram á safninu er því lokað. Tveir starfsmenn eru á safninu, kennari í hlutastarfi og stuðningsfulltrúi í litlu broti úr starfi, auk þess koma kennarar með kennsluafslátt að safninu í um 10-14 tíma á viku. Tölvuver er inn af safninu þar sem nemendur geta komið og leitað upplýsinga á netinu eða unnið að verkefnum.

## **Námsmat**

Markmið námsmats eru skilgreind í skólanámskrá: Að afla vitneskju um árangur skólastarfsins og hvernig einstökum nemendum og hópum vegnar; Að fylgjast með gengi nemenda og hvernig þeim gengur að ná þeim námsmarkmiðum sem aðalnámskrá og skólinn setja þeim; Að veita nemendum og foreldrum þeirra, kennurum, viðtökuskólum og skólayfirvöldum upplýsingar um námsgengi nemenda. Formlegt námsmat fer fram við annaskipti þrisvar á ári, munnlegt og/eða skriflegt.

Á vitnisburðarblöðum er rúm fyrir prófseinkunn, vinnueinkunn fyrir önnina og umsögn í orðum. Miðað við sýnishorn af vitnisburðablöðum er gefin umsögn í orðum frá 1.-3. bekk en prófs- og vinnueinkunn í heilum og hálfum tölum frá 1-10 frá 4. bekk og á unglingastigi.


## **Einstaklingsmiðað nám og markviss samvinna**

Skólastarfið var metið út frá matstæki um einstaklingsmiðað nám og er skólinn í flestum þáttum kominn nokkuð áleiðis í átt til einstaklingsmiðaðs náms, heildarútkoma er 3 stig á kvarðanum 1-5. Lengst er skólinn kominn í viðhorfastoðinni og námsumhverfisstöðinni (sjá fylgiskjal: Matstæki um einstaklingsmiðað nám).

Í námsvísunum kemur fram að áhersla verði lögð á fjölbreyttar kennsluaðferðir. Ekki kemur fram sérstök áhersla á einstaklingsmiðað nám í almennri stefnumótun. Nemendur gera ekki eigin áætlanir um nám sitt nema í 4.-7. bekk þar sem nemendur gera áætlun um heimanám. Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir þá sem þurfa sérkennslu.

### Mat á gæðum kennslustunda – vettvangsathuganir

Alls var farið í heimsókn í 29 kennslustundir í 1.-10. bekk og þar af 26 metnar. Í fylgiskjali um vettvangsathuganir er að finna lýsingu athugenda og mat samkvæmt viðmiðum um gæði kennslustunda (sjá fylgiskjal: Viðmið um mat á gæðum kennslustundar).



Af þeim kennslustundum sem heimsóttar voru teljast 15% stunda frábærar, 54% góðar (súla 2 á myndinni) og 31% viðunandi (súla 1 á myndinni). Engin kennslustund var óviðunandi. Í flestum kennslustundum sem heimsóttar voru mátti sjá styrka stjórn kennara og góðan vinnufrið (sjá fylgiskjal; vettvangsathuganir).

Til samanburðar eru gæði kennslustunda að meðaltali í þeim skólum sem metnir hafa verið síðan í byrjun árs 2009.

### Ábendingar

- Gildi skólans eru: Siðprýði – Menntun – Sálarheill. Almenn markmið skólstarfsins eru sett fram í skólastefnu.
- Þessi markmið eru endurtekin í námsvísunum árganga og tengja þannig á milli stefnunnar og markmiða í einstökum námsgreinum .
- Í námsvísunum árganga eru birt almenn markmið, lýsing á námsmati og kennsluaðstæðum auk þess sem þar koma fram markmið, leiðir að markmiðum, námsþættir, námsgögn og námsmat í hverri námsgrein. Gerð er grein fyrir tilhögun heimavinnu í sumum árgöngum en ekki öllum.
- Skoðuð voru sýnishorn af kennsluáætlunum, þær eru ólíkt fram settar eftir greinum og aldri nemenda.
- Í skólanum er hefðbundin bekkjarkennsla. Umsjónarkennari kennir flestar greinar í 1.-



7. bekk en sérgreinakennurum fjölgar eftir því sem ofar dregur.

- Kennsluhættir eru fjölbreyttir að mati kennara, en þó mismunandi eftir kennurum og greinum. Faggreinakennsla er í eldri bekkjum og ber hver kennari ábyrgð á sinni grein. Í yngri deildum er unnið með *Byrjendalæsi*, og aðferðir tengdar *Orð af orði* í kennslu.
- Í vettvangsathugunum voru nemendur oftast að vinna að verkefnum undir stjórn kennara, allir að sama eða hliðstæðu verkefni í um 47% stunda, bein kennsla/innlögn/umræður voru í um 22% stunda, verklegt og sköpun og tjáning í list- og verkgreinum fyrst og fremst og markvissa samvinnu eða sjálfstæða vinnu að einhverju leyti að eigin vali var merkt við í um 10% tilvika.
- Af þeim kennslustundum sem heimsóttar voru teljast 15% stunda frábærar, 54% góðar og 31% viðunandi. Engin kennslustund var óviðunandi.
- Í flestum kennslustundum sem heimsóttar voru mátti sjá styrka stjórn kennara og góðan vinnufrið.
- Skólinn er Grænánaskóli og hefur verið að taka einnig upp útikennslu. Löng hefð er fyrir kennslu í nýsköpun og skólinn var um árabíl móðurskóli í nýsköpun.
- List- og verkgreinar eru í sumum tilfellum kenndar í námskeiðsformi eða svokallaðri hringekju.
- Boðið er upp á val í um 40 valgreinum í 8.-10. bekk. Þar af tengist nærri helmingur list- og verkgreinum. Til að auka fjölbreytnina í valáföngum er boðið upp á sameiginlegt val í grunnskólunum í Grafarvogi.
- Skólasafnið er upplýsinga- og menningarmiðstöð skólans, segir í Handbók starfsmanna. Þar er að finna fjölbreyttan bókakost bæði til yndislesturs og fræðivinnu á öllum stigum skólans.
- Markmið námsmats eru skilgreind í skólanámskrá. Formlegt námsmat fer fram við annaskipti þrisvar á ári, munnlegt og/eða skriflegt. Miðað við sýnishorn af vitnisburðablöðum er gefin umsögn í orðum frá 1.-3. bekk en prófs- og vinnueinkunn í heilum og hálfum tölum frá 1-10 frá 4. bekk og á unglingsstigi.
- Skólafarið var metið út frá matstæki um einstaklingsmiðað nám og er skólinn í flestum þáttum kominn nokkuð áleiðis í átt til einstaklingsmiðaðs náms, heildarútkoma er 3 stig á kvarðanum 1-5. Lengst er skólinn kominn í viðhorfastoðinni og námsumhverfisstoðinni.
- Nemendur gera ekki eigin áætlanir um nám sitt nema í 4.-7. bekk þar sem nemendur gera áætlun um heimanám. Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir þá sem þurfa sérkennslu.
- Sóknarfæri er fyrir skólann að gera kennsluna enn betri með fjölbreyttum og krefjandi verkefnum nemenda.

## Skóli án aðgreiningar - sérkennsla

### Stjórnun og stefna

Deildarstjóri í 50% starfi stýrir sérkennslunni og samstarfi þeirra sem að sérkennslu koma. Gott aðgengi er að stjórnanda að sögn rýnihóps um sérkennslu. Ekki eru fastir samráðsfundir með þeim sem starfa í sérkennslu en hópurinn hittist eftir þörfum. Tveir sérkennarar sinna sérkennslunni ásamt almennum kennurum og sex stuðningsfulltrúar í 70% starfshlutfalli hver. Á fundum eru rætt um skipulagið og málefni einstaklinga og farið yfir hvernig gengur og gerðar breytingar ef þarf, segir í rýnihópi um sérkennslu.

Í Handbók starfsmanna, kafla um stoðkerfi skólans kemur fram að sérkennslan byggir á grunnskólalögum, aðalnámskrá grunnskóla og stefnu borgarinnar um sérkennslu. Sérkennslan

er skilgreind sem kennsla nemenda eða nemendahópa sem þarfnast tímabundinnar aðstoðar eða samfellds stuðnings, jafnvel alla skólagögnuna. Hún felur í sér breytingar á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum og kennsluáðferðum og er grundvölluð á faglegu mati á stöðu hvers nemanda (Handbók starfsmanna, kafla 7.2).

Í rýnihópi kemur fram að sérkennsla, sem er fyrst og fremst stuðningur í námi, fer fram á öllum stigum, yngsta mið- og unglíngastigi. Aðaláhersla er lögð á íslensku og lestur og stærðfræði fyrir þau sem eru eldri. Sumir nemendur njóta sérkennslu að staðaldri en aðrir koma í tímabundinn stuðning, t.d. í stafsetningu.

Haldnir eru skilafundir þegar nemendur með sérþarfir byrja í skólanum, en ekki gerðar sérstakar móttökuáætlanir að því er kennarar í rýnihópi um sérkennslu best vita.

### **Skipulag sérkennslu**

Námsver eru í skólanum fyrir yngsta og miðstigi en í unglíngadeild fer sérkennsla fram inni í bekk eða teknir eru út litlir hópar eftir þörfum, segir í Handbók starfsmanna (kafla 7.2). Greiningar og skimanir eru lagðar til grundvallar vali á nemendum í sérkennslu en einnig er farið eftir mati umsjónarkennara og fyrir kemur að beiðni kemur frá foreldrum, segir í rýnihópi. Í Handbók starfsmanna er að finna yfirlit yfir próf í sérkennslu á hverri önn. Sérkennsla fer að mestu fram í námsverum og í litlum hópum sem eru teknir út úr bekk í bóklegum greinum en nemendur fylgja yfirleitt bekk sínum í list- og verkgreinar. Þetta er þó mismunandi eftir „börnum og dögum“ og sumir krakkar þurfa að komast út og fá betra næði segir í rýnihópi um sérkennslu.

Rými fyrir sérdeild var í viðbyggingu sem tekin var í notkun 2002 en sama ár var sérdeildin lögð niður vegna breyttrar stefnu borgarinnar. Sérkennarar í rýnihópi segjast enn sakna sérdeildar sem lögð var niður á sínum tíma.

**Einstaklingsnámskrár eða -áætlanir** eru gerðar af deildarstjóra og sérkennara og í samráði við foreldra, „foreldrar koma að málunum og samþykkja“, segir í rýnihópi um sérkennslu.

### **Aðstaða og aðbúnaður**

Sérkennslan hefur til umráða þrjár stofur og er rúmt hana eins og um allt starf í skólanum, kemur fram í rýnihópi. Tölvurnar eru gamlar og tölvukostur sérkennslunnar „mætir afgangi“ segir í rýnihópi. Sérhæfð kennslugögn haf ekki verið endurnýjuð enda allir að spara, kemur einnig fram. Aðgengi fyrir líkamlega fatlaða er gott í skólanum að mati hópsins, lyftur og sérbúnaðar snyrtingar.

### **Viðhorf og líðan:**

Viðhorf starfsfólks og nemenda er almennt jákvætt gagnvart sérkennslunemendum en þeir eru ekki allir virkir í heildarsamfélagi skólans og „detta út“ sérstaklega á unglíngastigi ef þeir eru teknir út í bóklegum greinum, segir í rýnihópi.

### **Upplýsingaflæði – samstarf**

Samstarf er mikið milli kennara og þeirra sem sjá um sérkennslu, þegar það eru foreldraviðtöl eru sérkennarar með, „sérstaklega ef mikið er að“, segir í rýnihópi. Samstarf við bekkjarkennara er gott og vikulega eru árgangafundir. Stuðningsfulltrúar eru með á deildarfundum þegar þarf. Teymi eru starfandi um málefni nemenda sem hafa miklar sérþarfir.

### **Ráðgjöf - þjónustumiðstöð**

Upplýsa mætti betur um þjónustu Miðgarðs við skólann að mati rýnihóps um sérkennslu, þar eru kennsluráðgjafar og félagsráðgjafar og á vegum Miðgarðs hafa verið haldin félagshæfinámskeið fyrir börn sem þess þurfa. Sálfræðingur kemur í skólann en þeir „fara ekki í bekki heldur eru aðallega í prófum“, að sögn rýnihóps um sérkennslu. Skólasálfræðingur fer inn í bekki ef þarf til að fylgjast með nemendum sem eru í greiningu, skv. athugasemd skólastjóra.

Að mati rýnihópsins þyrfti að vera þroskaþjálfari við skólann, það “væri stundum gott að fá sjónarmið þroskaþjálfra hingað inn”. Þroskaþjálfari starfar í Fardeild sem staðsett er í Foldaskóla og þjónar grunnskólum í Grafarvogi.

Innan skólans leita kennarar að sögn gjarnan til deildarstjóranna um stuðning og ráðgjöf.

**Markmið námsráðgjafar** í skólanum er að standa vörð um velferð nemenda með hagsmuni þeirra að leiðarljósi. Í því felst einkum þrennt: að veita nemendum þjónustu í málum tengdu námi, persónulegum högum og náms- og starfsvali. Námsráðgjafi er trúnaðarmaður nemenda og bundinn þagnarskyldu (Handbók starfsmanna, kafli 7.3).

Námsráðgjafinn starfar mest með nemendum í 6. bekk og eldri og verkefnin eru fjölbreytt; hún vinnur að forvarnarfræðsluverkefnum *Flott án fíknar*, en einnig að námstækni og samskiptavandamálum og þar nefnir hún átak gegn einelti sérstaklega. Fésbókina og tölvunotkun segir hún vera vaxandi vandamál. Kennarar leita líka til hennar með sín vandamál en hún er menntaður kennari og mannauðsráðgjafi. Hún sér möguleika í atvinnutengda náminu fyrir ákveðna einstaklinga en sér líka fyrir sér að skólar í Grafarvogi gætu tekið sig saman um tilboð fyrir nemendur sem líður ekki vel í skólanum og bóknáminu.

**Stuðningsteymi** (lausnateymi) er starfandi við skólann en er minna notað nú en áður, að mati rýnihópsins hefur þörfin fyrir það minnkað.

**Nemendaverndarráð:** Hlutverk nemendaverndarráðs er að fylgjast sérstaklega með nemendum sem af einhverjum ástæðum líður illa eða eiga í einhverjum erfiðleikum í skólanum.

Nemendaverndarráð tekur sameiginlegar ákvarðanir um málefni einstakra nemenda eða nemendahópa. Því er ætlað að vera ráðgefandi um hvernig best skuli stuðlað að jákvæðu námsumhverfi og alhliða velferð nemenda. Í nemendaverndarráði, sem kemur saman aðra hverja viku á starfstíma skóla, sitja deildarstjóri sérkennslu, námsráðgjafi, skólasálfræðingur, hjúkrunarfræðingur og deildarstjórar. Fulltrúi frá félagsþjónustu í Miðgarði sækir fundi ráðsins u.þ.b. einu sinni í mánuði. Umsjónarkennarar þeirra nemenda sem fjallað er um hverju sinni eru boðaðir á fundi ráðsins (Handbók starfsmanna, kafli 7.1).

**Fardeild** er sérhæft úrræði sem þjónar grunnskólunum í borgarhluta 4 (Grafarvogi og Kjalarnesi). Ráðgjafar í Fardeild veita ráðgjöf og vinna með nemendum í náms- og hegðunarerfiðleikum sem og nemendum með atferlissvanda og/eða geðraskanir. Fardeildin hefur aðsetur í Foldaskóla. Markmið deildarinnar eru:

- Að bæta hegðun, líðan og félagslega færni nemandans í skólaaðstæðum.
- Að miðla þekkingu og þróa árangursrík vinnubrögð í hefðbundnum skólaaðstæðum.

- Að aðstoða heimaskóla í samráði við foreldra/forráðamenn nemandans við að leita annarra úrræða sé þess talin þörf (Heimasíða. Fardeild).

Við deildina starfa tveir starfsmenn í 1,7 stöðugildi, þroskaþjálfari og sálfræðingur.

Ekki var lagt mat á starf deildarinnar í heildarmati á Foldaskóla.

### Ábendingar

- Deildarstjóri í 50% starfi stýrir sérkennslunni og samstarfi þeirra sem að sérkennslu koma. Gott aðgengi er að stjórnanda að sögn rýnihóps um sérkennslu. Ekki eru fastir samráðsfundir með þeim sem starfa í sérkennslu en hópurinn hittist eftir þörfum.
- Í Handbók starfsmanna, kafla um stoðkerfi skólans kemur fram að sérkennslan byggir á grunnskólalögum, aðalnámskrá grunnskóla og stefnu borgarinnar um sérkennslu. Sérkennslan er skilgreind sem kennsla nemenda eða nemendahópa sem þarfnast tímabundinnar aðstoðar eða samfellds stuðnings, jafnvel alla skólagönguna. Hún felur í sér breytingar á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum og kennsluáðferðum og er grundvölluð á faglegu mati á stöðu hvers nemanda.
- Í rýnihópi kemur fram að sérkennsla, sem er fyrst og fremst stuðningur í námi sem fer fram á öllum stigum, yngsta mið- og unglíngastigi. Aðaláhersla er lögð á íslensku og lestur og stærðfræði fyrir þau sem eru eldri.
- Námsver eru í skólanum fyrir yngsta og miðstig en í unglíngadeild fer sérkennsla fram inni í bekk eða teknir eru út litlir hópar eftir þörfum, segir í handbók (kafla 7.2).
- Greiningar og skimanir eru lagðar til grundvallar vali á nemendum í sérkennslu en einnig er farið eftir mati umsjónarkennara og fyrir kemur að beiðni kemur frá foreldrum, segir í rýnihópi.
- Einstaklingsnámskrár eða -áætlanir eru gerðar af deildarstjóra og sérkennara og í samráði við foreldra, „foreldrar koma að málunum og samþykkja“, segir í rýnihópi um sérkennslu.
- Sérkennslan hefur til umráða þrjár stofur og er rúmt hana eins og um allt starf í skólanum, kemur fram í rýnihópi. Tölvukostur er þó ekki góður.
- Viðhorf starfsfólks og nemenda er almennt jákvætt gagnvart sérkennslunemendum, en þeir eru ekki allir virkir í heildarsamfélagi skólans.
- Samstarf sérkennara við bekkjarkennara er gott og vikulega eru árgangafundir. Stuðningsfulltrúar eru með á deildarfundum þegar þarf. Teymi eru starfandi um málefni nemenda sem hafa miklar sérþarfir.
- Upplýsa mætti betur um þjónustu Miðgarðs við skólann að mati rýnihóps um sérkennslu. Skólasálfræðingur fer inn í bekk ef þarf til að fylgjast með nemendum sem eru í greiningu.
- Námsráðgjafinn starfar mest með nemendum í 6. bekk og eldri og verkefni eru fjölbreytt; hún vinnur að forvarnarfræðslu Flott án fíknar, en einnig námstækni og samskiptavandamálum. Kennarar leita líka til hennar með sín mál.
- Stuðningsteymi (lausnateymi) er starfandi við skólann en er minna notað nú en áður, að mati rýnihópsins hefur þörfin fyrir það minnkað.
- Hlutverk nemendaverndarráðs er að fylgjast sérstaklega með nemendum sem af einhverjum ástæðum líður illa eða eiga í einhverjum erfiðleikum í skólanum. Það kemur saman aðra hverja viku á starfstíma skóla, í því sitja deildarstjóri sérkennslu, námsráðgjafi, skólasálfræðingur, hjúkrunarfræðingur og deildarstjórar. Fulltrúi frá félagsþjónustu í Miðgarði sækir fundi ráðsins u.þ.b. einu sinni í mánuði.
- Fardeild er sérhæft úrræði sem þjónar grunnskólunum í borgarhluta 4 (Grafarvogi og Kjalarnesi). Ráðgjafar í Fardeild veita ráðgjöf og vinna með nemendum í náms- og hegðunarerfiðleikum sem og nemendum með atferlissvanda og/eða geðraskanir.

Fardeildin hefur aðsetur í Foldaskóla. Við deildina starfa tveir starfsmenn í 1,7 stöðugildi, þroskaþjálfari og sálfræðingur. Ekki var lagt mat á starf deildarinnar í heildarmati á Foldaskóla.

## **Skólaþróun og mat**

Foldaskóli hefur unnið að þróunarverkefnum í samstarfi við grunnskóla í Grafarvogi. Verkefni eru Byrjendalæsi, gagnvirkur lestur og aðferðir tengdar Orð af orði sem notaðar eru í kennslu og auka fjölbreytni að mati kennara þannig að lestrarkennslan hefur eflst verulega. Einnig er verið að innleiða útikennslu. Skólinn hefur verið Grænfánaskóli frá árinu 2006 og hefur þrisvar fengið úthlutað fánanum, árið 2008 og 2010. Skólinn stefnir einnig að því að verða heilsuefandi skóli.

Á heimasíðu er að finna upplýsingar um tvö þróunarverkefni sem unnið er að við skólann. Annars vegar Evrópskt verkefni sem felst í samstarfi við skóla í Slóvakíu og Þýskalandi. Samstarfsverkefnið heitir á ensku "Possibilities of conflict solution at the school and comparison between European schools" og fjallar um leiðir skóla til að leysa ágreiningsmál sem upp koma meðal nemenda. Hins vegar Innoed, en hugmynd verkefnisins er að nýta sér upplýsingatækni og fjarnám fyrir hugmyndavinnu og skapandi hugsun. Eitt af meginmarkmiðum er að setja upp nýsköpunarkeppni fyrir öll Evrópulönd. Ekki kemur fram hvort þessum verkefnum er lokið.

Árið 1993 var Foldaskóli útnefndur móðurskóli í nýsköpun. Frá 1993 til 1996 sömdu tveir kennarar Foldaskóla námsefni í nýsköpun fyrir 4. til 7. bekk. Þetta námsefni hefur verið tilraunakennt í skólanum og endurskoðað út frá því.

Þegar sjálfsmat Foldaskóla var metið í úttekt á vegum Menntamálaráðuneytisins vorið 2007 uppfyllti skólinn bæði viðmið um sjálfsmatsaðferðir og framkvæmd sjálfsmats að öllu leyti.

Matsáætlun fyrir árin 2008-2012 liggur fyrir við matið. Þar er gerð grein fyrir formlegum matsverkefnum í innra mati Foldaskóla og ytra mati annarra aðila, s.s. skimunum, könnunum og samræmdum prófum.

Einnig liggja fyrir matsskýrslur um fyrirkomulag vetrarfrís frá 2003 til 2009 þar sem fram kemur að ár frá ári hefur aukist samstaða um að taka vetrarfrí.

Sjálfsmatsskýrsla Foldaskóla frá árinu 2007 er á heimasíðu undir: Mat á skólastarfi. Þar er leitast við að svara eftirfarandi matsspurningum:

- Hefur skólinn skýra sýn og styrka stjórn?
- eru kennsluáðferðir og mat líkleg til að mæta ólíkum einstaklingum og
- bæta stöðugt árangur?
- Líður nemendum vel, líkamlega, andlega og félagslega?
- Ríkir góður starfsandi innan skólans að mati starfsmanna?
- Fá foreldrar stöðugar upplýsingar um stöðu nemenda og skólastarfið
- almennt og finna þeir sig velkomna í skólann?

Matsáætlun til fjögurra ára er byggð á niðurstöðum sjálfsmatsins.

Sjálfsmatsskýrsla hefur ekki verið sett upp í Skólaspeglinum (Skoldialogen).

Á heimasíðu er einnig að finna áherslu og umbótaáætlun skólans 2011. Verkefni eru byggð á stefnumótun MSR og/eða stefnumótun skólans, tilgreind markmið og aðgerðir, ábyrgðaraðilar og mælikvarðar/ staða við áramót 2011/2012. Unnið verður m.a. að umhverfisstefnu, að því að efla siðgæðisþroska, unnið að mati á skólastarfi og námsmat endurskoðað. Einnig var skoðuð umbótaáætlun sem skilað var til Menntasviðs fyrir skólaárið 2009-2010 þar sem framsetning og áherslur eru nokkuð aðrar en í nýrra skjalinu.

### **Ábendingar**

- Foldaskóli hefur unnið að þróunarverkefnum í samstarfi við grunnskóla í Grafarvogi. Verkefnin eru Byrjendalæsi, gagnvirkur lestur og aðferðir tengdar Orð af orði
- Skólinn hefur verið Grænfánaskóli frá árinu 2006 og fékk aftur úthlutað árið 2008 og 2010. Skólinn stefnir einnig að því að verða heilsueflandi skóli.
- Á heimasíðu er að finna upplýsingar um tvö þróunarverkefni, annars vegar Evrópskt samstarfsverkefni sem fjallar um leiðir skóla til að leysa ágreiningsmál sem upp koma meðal nemenda. Hins vegar Innoed en hugmynd verkefnisins er að nýta sér upplýsingatækni og fjarnám fyrir hugmyndavinnu og skapandi hugsun. Ekki kemur fram hvort þessum verkefnum er lokið.
- Árið 1993 var Foldaskóli útnefndur móðurskóli í nýsköpun. Frá 1993 til 1996 sömdu tveir kennarar Foldaskóla námsefni í nýsköpun fyrir 4. til 7. bekk. Þetta námsefni hefur verið tilraunakennt í skólanum og endurskoðað út frá því.
- Þegar sjálfsmat Foldaskóla var metið í úttekt á vegum Menntamálaráðuneytisins vorið 2007 uppfyllti skólinn bæði viðmið um sjálfsmatsaðferðir og framkvæmd sjálfsmats að öllu leyti.
- Sjálfsmatsskýrsla Foldaskóla frá árinu 2007 er á heimasíðu undir: Mat á skólastarfi. Þar er leitast við að svara matsspurningum um stjórnun, líðan nemenda, starfsanda og upplýsingagjöf til foreldra. Matsáætlun til fjögurra ára er byggð á niðurstöðum sjálfsmatsins.
- Sjálfsmatsskýrsla hefur ekki verið sett upp í Skólaspeglinum (Skoldialogen).
- Á heimasíðu er einnig að finna áherslu og umbótaáætlun skólans 2011. Verkefni eru byggð á stefnumótun MSR og/eða stefnumótun skólans

### **Virk upplýsingamiðlun**

Í Handbók starfsmanna, kafla um boðskipti milli heimila og skóla er yfirlit yfir upplýsingamiðlun skólans til foreldra. Gefin er út Handbók nemenda og foreldra með upplýsingum um skólastarfið, fréttabréf er sent út einu sinni á önn og skóladagatal er kynnt foreldrum í skólalok fyrir komandi skólaár. Að hausti eru afhentir námsvísar þar sem lýst er fyrirkomulagi kennslu og námsefni. Kynningarbæklingur er afhentur foreldrum að vori áður en barn þeirra hefur skólagöngu þar er gerð grein fyrir helstu atriðum skólastarfsins. Vikuáætlanir í 1.-3. bekk eru birtar á Mentor.is og yfirlit yfir ástundun nemenda í 1.-7. bekk er sent heim mánaðarlega í tölvupósti (Handbók starfsmanna, kafla 6.2).

Í foreldrakönnun 2010 sögðust rúm 80% foreldra barna í skólanum vera ánægð með upplýsingagjöf frá skólanum, þar af voru um 33% mjög ánægð. Þetta skilaði skólanum meðaltalinu 4.1 í spurningunni, sem er jafnt meðaltali í Reykjavík (4,1).

Foreldrar í rýnihópi nokkuð ánægðir með upplýsingar frá kennurum um nám og kennslu sem koma „tiltölulega reglulega“, en vildu gjarnan heyra meira, ekki síst um sín börn. Þeir lýsa ánægju með fréttabréf skólans.

## Ábendingar

- Í Handbók starfsmanna, kafla um boðskipti milli heimila og skóla er yfirlit yfir upplýsingamiðlun skólans til foreldra. Gefin er út Handbók nemenda og foreldra með upplýsingum um skólastarfið, fréttabréf er sent út einu sinni á önn og skóladagatal er kynnt foreldrum í skólalok fyrir komandi skólaár.
- Í foreldrakönnun 2010 sögðust rúm 80% foreldra barna í skólanum vera ánægð með upplýsingagjöf frá skólanum, þar af voru um 33% mjög ánægð. Þetta skilaði skólanum meðaltalinu 4,1 í spurningunni, sem er jafnt meðaltali í Reykjavík (4,1).
- Foreldrar í rýnihópi nokkuð ánægðir með upplýsingar frá kennurum um nám og kennslu sem koma „tiltölulega reglulega“, en vildu gjarnan heyra meira, ekki síst um sín börn. Þeir lýsa ánægju með fréttabréf skólans.

## Skólanámskrá og námsáætlanir

Starfsáætlun og skólanámskrá Foldaskóla fyrir skólaárið 2010-2011 liggja fyrir við matið og er þar gerð grein fyrir flestum þáttum skólastarfsins (sjá meðfylgjandi: Gátlista um starfsáætlun og um skólanámskrá).

Þættir skólanámskrár birtast í Handbók nemenda og foreldra sem er á heimasíðu skólans og einnig í Handbók starfsmanna sem ekki er að finna á heimasíðu. Þar eru upplýsingar ítarlegri og að því er virðist nýrri í sumum þáttum en það sem birt er í Handbók nemenda og foreldra.

Æskilegt er að hægt sé að finna þætti skólanámskrár og starfsáætlunar undir þeim yfirheitum á heimasíðu.

Nemendur gera almennt ekki eigin áætlanir um nám sitt en á miðstigi gera nemendur eigin heimavinnuáætlun. Einstaklingsnámskrár eða aðlagðar námskrár eru gerðar fyrir þá sem þurfa sérkennslu. Nemendur í 1.-3. bekk fá vikuáætlanir inn á Mentor.

Kennsluáætlanir eru gerðar ýmist fyrir önnina eða allan veturinn í hverri námsgrein. Þær eru ólíkt fram settar eftir greinum og aldri nemenda. Í sumum tilvikum er áætlunin samhljóða því sem fram kemur í námsvísi en í öðrum er lýst kennsluáðferðum og vinnubrögðum og tilgreint hvað á að fara yfir af námsefni í hverri viku.

## Heimasíða

Heimasíða Foldaskóla er nokkuð aðgengileg og fréttir virðast uppfærðar reglulega. Upplýsingar fyrir foreldra um skólastarfið birtast m.a. í handbók nemenda og foreldra, svo og í námsvísum fyrir hvert stig. Upplýsingar eru á síðunni um skólaráð, skipan þess og hlutverk og fundargerðir eru birtar. Upplýsingar eru um stjórn foreldrafélags og starfsemi foreldrafélags.

Í rýnihópi foreldra kemur fram það álit að heimasíðan sé slök og ekki mikið skoðuð þó þar séu gagnlegar upplýsingar og fréttir. Samkvæmt upplýsingum skólastjóra fjölgaði heimsóknnum á síðuna um 15 þúsund milli ára og voru þær 114 þúsund á síðasta skólaári.

Upplýsingar um kennslu nýbúa vantar á síðuna, annars er þar fjallað um nær allt sem ætlast er til að þar sé að finna (sjá fylgiskjal; gátlisti um heimasíðu).

## Ábendingar

- Starfsáætlun og skólanámskrá Foldaskóla fyrir skólaárið 2010-2011 liggja fyrir við matið og er þar gerð grein fyrir flestum þáttum skólastarfsins
- Þættir skólanámskrár birtast í Handbók nemenda og foreldra sem er á heimasíðu skólans og einnig í Handbók starfsmanna sem ekki er að finna á heimasíðu.
- Æskilegt er að hægt sé að finna þætti skólanámskrár og starfsáætlunar undir þeim yfirheitum á heimasíðu.
- Nemendur gera almennt ekki eigin áætlanir um nám sitt en á miðstigi gera nemendur eigin heimavinnuáætlun. Einstaklingsnámskrár eða aðlagðar námskrár eru gerðar fyrir þá sem þurfa sérkennslu.
- Kennsluáætlanir eru gerðar ýmist fyrir önnina eða allan veturinn í hverri námsgrein. Þær eru ólíkt fram settar eftir greinum og aldri nemenda.
- Heimasíða Foldaskóla er nokkuð aðgengileg og fréttir virðast uppfærðar reglulega.
- Upplýsingar fyrir foreldra um skólastarfið birtast m.a. í handbók nemenda og foreldra, svo og í námsvísunum fyrir hvert stig.
- Upplýsingar eru á síðunni um skólaráð, skipan þess og hlutverk og fundargerðir eru birtar. Upplýsingar eru um stjórn foreldrafélags og starfsemi foreldrafélags.
- Í rýnihópi foreldra kemur fram það álit að heimasíðan sé slök og ekki mikið skoðuð þó þar séu gagnlegar upplýsingar og fréttir.
- Samkvæmt upplýsingum skólastjóra fjölgaði heimsóknnum á síðuna um 15 þúsund milli ára og voru þær 114 þúsund á síðasta skólaári.
- Upplýsingar um kennslu nýbúa vantar á síðuna, annars er þar fjallað um nær allt sem ætlast er til að þar sé að finna

## **Öruggt, heilnæmt og vistvænt skólaumhverfi**

Foldaskóli er Grænfánaskóli, fékk fánanum úthlutað fyrst árið 2006 og svo aftur 2008 og 2010. Umhverfisstefna Foldaskóla hefur það að leiðarljósi að efla virðingu og jákvæð viðhorf nemenda til náttúrunnar, umhverfisins og alls lífs. Nemendur fá menntun í samspili manns og umhverfis og skynji: „Ein jörð fyrir alla“. Þeir þjálfist í að leita lausna á umhverfisvanda. Lögð er áhersla á að draga úr mengun, orkunotkun og sóun. Umhverfissjónarmið séu höfð að leiðarljósi í rekstri og innkaupum skólans. Þessum markmiðum verður best náð með vellíðan í skólanum, þverfaglegri umhverfismennt, hnattrænni hugsun, samvinnu og aukinni umhverfisvitund alls skólasamfélagsins. Umhverfisstefna Foldaskóla tekur mið af Staðardagskrá 21 þar sem stefnt er að því að lífstill, hegðun, neysla og daglegt líf stuðli að sjálfbæru samfélagi (Handbók nemenda og foreldra. Grænfánaskóli). Tekin hefur verið upp útikennsla í ákveðnum árgöngum og skólinn stefnir að því að verða heilsueflandi skóli.

## **Öryggisþættir**

Rýmingaráætlun skólans liggur fyrir og er uppi við í skólastofum. Rýmingaræfing er haldin á hverju hausti.

Foldaskóli hefur sett sér markmið um að meta markvisst vinnuumhverfi allra starfsmanna með tilliti til heilsu, líðan og öryggis. Þetta er gert samkvæmt reglum um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum sem byggja á Vinnuverndarlögum. Verkefnið áhættumat starfa er liður í áætlun skólans um öryggi og heilbrigði starfsmanna. Skólinn gerði samning við Vinnuverndarsvið VSI um framkvæmd áhættumatsins. Fjallað er ítarlega um áhættumatið sem gert var árið 2007 í Vinnuumhverfishandbók Foldaskóla sem liggur fyrir við heildarmatið. Árlega fer öryggisnefnd skólans yfir áhættumatið, kannar stöðu mála varðandi úrbætur (eftirfylgd) og ábendingar sem fram hafa komið. Einnig yfirfer nefndin síðustu



rýmingaræfingu og uppfærir skipulag og búnað í samræmi við ábendingar sem fram koma. Einnig liggur fyrir áætlun um viðbrögð við vá.

### **Ábendingar**

- Foldaskóli er Grænfánaskóli og fékk fánanum úthlutað fyrst árið 2006 og svo aftur 2008 og 2010. Umhverfisstefna Foldaskóla hefur það að leiðarljósi að efla virðingu og jákvæð viðhorf nemenda til náttúrunnar, umhverfisins og alls lífs.
- Umhverfisstefna Foldaskóla tekur mið af Staðardagskrá 21 þar sem stefnt er að því að lífstíll, hegðun, neysla og daglegt líf stuðli að sjálfbæru samfélagi.
- Rýmingaráætlun skólans liggur fyrir og er uppi við í skólastofum. Rýmingaræfing er haldin á hverju hausti.
- Foldaskóli hefur sett sér markmið um að meta markvisst vinnuumhverfi allra starfsmanna með tilliti til heilsu, líðan og öryggis.
- Fjallað er ítarlega um áhættumat sem gert var árið 2007 í Vinnuumhverfishandbók Foldaskóla sem liggur fyrir við heildarmatið. Árlega fer öryggisnefnd skólans yfir áhættumatið og síðustu rýmingaræfingu. Einnig liggur fyrir áætlun um viðbrögð við vá.

## Mannauður

### **Starfsánægja og líðan á vinnustað**

Í skólanum starfa 58 starfsmenn skólaárið 2010-2011 í 53,5 stöðugildum, þar af stjórnendur í 3 stöðugildum og kennarar í 31,2 stöðugildum

Á undanförunum árum hefur Foldaskóli komið vel út í starfsánægjukönnunum sem gerðar hafa verið á vegum Reykjavíkurborgar og hafa niðurstöður hækkað nokkuð á milli ára<sup>6</sup>. Þannig hækkaði meðaltal við fullyrðingunni „Á heildina litið er ég ánægð(ur) í starfi mínu“ úr 4,10 árið 2008 í 4,46 árið 2009<sup>7</sup>. Þá voru um 98% svarenda frekar eða mjög sammála fullyrðingunni og enginn henni ósammála.

Í könnuninni 2009 voru allar fullyrðingar er snéru að viðhorfum starfsmanna gagnvart árangri og gæðum, starfsanda og samvinnu á styrkleikabili. Einnig voru viðhorf starfsmanna gagnvart stjórnun skólans mjög jákvæð. Um 94% svarenda voru frekar eða mjög sammála því að vinnustaðnum væri vel stjórnað og að sama skapi sögðust 94% svarenda bera traust til yfirmanns síns. Um 88% voru ánægð með samskiptin við næsta yfirmann. Viðhorf til upplýsingaflæðis voru einnig fremur jákvæð og nokkuð jákvæðari en að meðaltali í grunnskólum borgarinnar. Einnig voru viðhorf gagnvart því hvernig starfið er metið af yfirmanni og samstarfsfólki mun jákvæðari 2009 (4,33) en 2008 (3,36).

Í rýnihópum og viðtölum kom fram að starfsmenn eru almennt ánægðir í störfum sínum í skólanum, starfsandi væri mjög góður og samstarfið gott. Við matið liggur fyrir mjög greinargóð starfsmannahandbók þar sem viðamiklar upplýsingar um skólastarfið s.s. stefnumörkun, samskipti heimilis og skóla, námsmat, stjórnun og skipulag eru dregnar saman. Handbókin hefur að geyma starfsmannastefnu skólans þar sem áhersluatriði er snúa að stjórnendum og starfsmönnum eru skilgreind. Þar er einnig rætt um samskipti á vinnustað og hvaða leiðarljós starfsmenn eiga að hafa í samskiptum en þar segir að „samskipti í Foldaskóla skulu grundvallast á gagnkvæmri virðingu, umburðarlyndi og jákvæðu viðmóti“ (Handbók starfsmanna, Foldaskóli, s. 11).

Þegar starfsmenn voru spurðir að því hverja þeir sæju sem helstu styrkleika skólans var þetta nefnt:

- Góðir stjórnendur og framfarasinuð stjórnun
- Góð samvinna
- Gott starfsfólk
- Góður starfsandi
- Stöðugleiki í starfsmannahópnum
- Gott orðspor skólans
- Lausnamiðuð hugsun

Eftirtalin atriði voru talin upp sem þættir sem mætti bæta:

- Mötuneytið ekki nægilega gott, fylgir ekki manneldismarkmiðum

<sup>6</sup>Svarhlutfall í könnunum var 77% árið 2009. Ekki hefur verið gerð önnur miðlæg könnun frá vori 2009.

<sup>7</sup>Niðurstöðum í vinnustaðgreiningu er skipt í þrjú svæði, styrkleikabil 4.20-5.00, starfhæft bil 3.70-4.19 og aðgerðabil 1.00-3.69.

- Skólinn mætti hafa stærra hlutverk í nærsamfélaginu, gæti verið sýnilegri
- Upplýsingamiðlun frá borgaryfirvöldum er ekki nægilega góð
- Skortur er á úrræðum fyrir börn með hegðunarvandamál
- Vantar fleiri starfsmenn
- Þarf að styrkja unglíngastigið, t.d. varðandi félagslífið

## **Samstarf**

Í viðhorfakönnun 2009 voru um 92% svarenda í Foldaskóla frekar eða mjög sammála fullyrðingunni „Samvinna er góð á mínum vinnustað“ og sama hlutfall var einnig sammála fullyrðingunni „Starfsfólk á mínum vinnustað miðlar þekkingu sín á milli“. Þetta er nokkuð hærra hlutfall en að meðaltali í grunnskólum borgarinnar.

Samstarf starfsfólks er formgert með ýmis konar fundum. Starfsmannafundir eru mánaðarlega með öllu starfsfólki og umsjónarmaður fundar með skólaliðum mánaðarlega. Kennarar eiga fasta fundartíma vikulega fyrir árgangafundi og að auki eru stigs/teymisfundir vikulega. Kennarafundir eru þrisvar í mánuði og stuðningsfulltrúar sitja einnig þá fundi. Á kennarafundum er farið yfir málefni eftir fastri dagskrá; kannanir, fjárhagsáætlun, skóladagatal og kynningar á ýmsu. Olweusarfundir eru reglulega. Samkvæmt því sem kom fram í rýnihópum er dagskrá fylgt á stærri fundum og rituð fundargerð en fundir í smærri hópum er ekki eins formlegir, en þá er frekar rætt það sem er að gerast hverju sinni; þemadagar og aðrir viðburðir, próf og þess háttar. Á vikulegum árgangafundum er farið yfir skipulag næstu vikna og koma sérgreinakennarar inn á þá fundi.

Starfsmenn lýstu yfir ánægju með fundafyrirkomulagið og samstarfið í skólanum. Skipulag funda væri í föstum skorðum og vel stýrt af stjórnendum. Margir starfsmenn væru orðnir mjög vanir að vinna saman og gengi samstarfið almennt vel, það væri tekið á því ef samskiptamál kæmu upp. Umsjónarmaður er sagður upplýsa starfsfólk sitt vel, samvinna sögð góð og starfsmenn ganga inn í þau verk sem þarf að sinna. Helsta gagnrýni á fyrirkomulag fundanna var það að kalla mætti meira eftir skoðunum starfsmanna á fundunum til að skapa meiri umræðu. Einnig mættu deildarfundir oft vera markvissari.

Í viðhorfakönnuninni 2009 voru tæp 91% svarenda sammála fullyrðingunni „Jafnrétti kynja er virt á mínum vinnustað“ og um 77% fullyrðingunni „Það er gætt jafnræðis og jafnréttis gagnvart starfsmönnum á mínum vinnustað“. Jafnræði og jafnrétti var ekki sérstaklega rætt í rýnihópum eða viðtölum.

## **Ábendingar**

- Viðhorfakönnun starfsmanna 2009 mældi mjög jákvæð viðhorf starfsmanna gagnvart ýmsum þáttum, s.s. stjórnun og skipulagi, samvinnu, starfsanda.
- Í rýnihópum og viðtölum kom fram að starfsmenn eru almennt ánægðir í störfum sínum í skólanum, starfsandi væri mjög góður og samstarfið gott.
- Starfsmenn lýstu yfir ánægju með fundafyrirkomulagið sem væri í föstum skorðum og vel stýrt af stjórnendum.
- Helsta gagnrýni á fyrirkomulag fundanna var það að kalla mætti meira eftir skoðunum starfsmanna á fundunum til að skapa meiri umræðu. Einnig mættu deildarfundir oft vera markvissari.

## Aðbúnaður

Aðbúnaður var sagður góður, t.d. væri skjávarpi í hverri stofu og talkerfi. Starfsmenn voru ekki á einu máli varðandi tölvubúnað; hann var sagður lélegur en það kom einnig fram að skólinn væri ágætlega tölvuvæddur. Ein athugasemd kom fram um að ekki væri séraðstaða fyrir sérkennslu.

Í viðhorfakönnuninni vorið 2009 komu þær spurningar er snéru að aðbúnaði vel út og töluvert jákvæðari en að meðaltali í grunnskólum borgarinnar. Þannig voru um 88% svarenda sammála fullyrðingunni „Ég hef aðgang að gögnum og tækjum sem til þarf“ Um 90% svarenda var sammála fullyrðingunni „Vinnuaðstaða mín er góð“.

## Ábendingar

- Ekki komu fram miklar athugasemdir varðandi aðbúnað en athuga má hvort hægt sé að koma til móts við athugasemdir starfsmanna um aðbúnað á vinnustaðnum.

## Símenntun og starfsþróun

Í 12. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 segir í 3. mgr. „Að frumkvæði skólustjóra mótar hver skóli áætlun til ákveðins tíma um hvernig símenntun starfsfólks hans skuli hagað svo að hún sé í sem bestu samræmi við áherslur skólans, sveitarfélagsins og aðalnámskrár. Í 4 mgr. segir enn fremur: „Kennarar og skólustjórar grunnskóla skulu eiga kost á reglulegri símenntun í þeim tilgangi að efla starfshæfni sína. Þeir skulu einnig eiga kost á námsleyfum“.

Við matið liggur fyrir greinargóð símenntunaráætlun þar sem hugtök varðandi símenntun eru skilgreind, gert er grein fyrir markmiðum og áherslum fræðsluyfirvalda og skólans í símenntun ásamt því að gera grein fyrir ábyrgð og fjármögnun. Helstu áherslur og markmið fyrir skólaárið 2010-2011 ríma við áherslu Menntasviðs á lestrarkennslu og læsi. Einnig er lögð áhersla í áætluninni á að efla færni í íslensku og ritun þar sem ritun er sögð hafa verið veikur hlekkur í skólanum samkvæmt niðurstöðum samræmdra prófa. Foldaskóli er í samstarfi við skóla í hverfi 4 um gerð lestrarstefnu en önnur áhersluatriði byggja á áherslum skólans, s.s. Uppbyggingastefnu og Olweusarverkefni. Stefnt er einnig að því að skólinn taki þátt í verkefninu Heilsueflandi skóli á vegum Lýðheilsustöðvar. Áætlunin gerir ráð fyrir þátttöku allra starfsmanna.

Í viðhorfakönnun 2009 voru um 88% starfsmanna því mjög eða frekar sammála að þeir hefðu fengið tækifæri til símenntunar á undanförunum 12 mánuðum. Þá kom einnig fram í könnuninni að 92% svarenda hefðu farið í starfsþróunarsamtal á síðustu 12-15 mánuðum þar á undan, sem var mjög svipað 2008 (91%). Árið 2009 töldu 55% svarenda samtalið mjög eða frekar gagnlegt en hinsvegar um 17% samtalið ógagnlegt. Stjórnendur skipta á milli sín að sjá um starfsmannasamtöl, skólustjóri (22), aðstoðarskólustjóri (14), deildarstjóri unglingastigs (14), deildarstjóri sérkennslu (7) og umsjónarmaður skóla (6).

Það kom fram í rýnihópum og viðtölum að viðhorf stjórnenda gagnvart því að starfsmenn sæktu símenntun væru jákvæð, hvatt væri til hennar og skólinn hefði verið að taka inn símenntunarverkefni, s.s. um fjölbreytta kennsluhætti, byrjendalæsi, Orð af orði og Tölvutök. Einnig sæktu starfsmenn skyndihjálparnámskeið annað hvert ár og starfsmenn sæktu námskeið Menntavísindasviðs. Aðrir starfsmenn sögðust sækja símenntun hjá stéttarfélaginu og tækju einnig þátt í símenntun innan skólans s.s. Olweus og einnig hafa verið fyrirlestrar fyrir skólalíða um ADHD. Erlendir starfsmenn hafa sótt íslenskunámskeið og lýstu yfir ánægju með tækifæri til símenntunar. Það kom fram að deildarstjórar sæju mikið um

starfsþróunarsamtöl en starfsmenn hefðu farið fram á að fá slíkt samtal við skólastjóra fjórða hvert ár. Það kom fram að samtölin og framkvæmd þeirra væru í ágætum föstum farvegi en það komu líka fram þau sjónarmið að sumir telja þau ekki skila miklu.

### **Ábendingar**

- Við matið liggur fyrir greinargóð símenntunaráætlun sem er í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar og gerir grein fyrir áherslum skólans. Áætlunin gerir ráð fyrir þátttöku allra starfsmanna.
- Starfsmenn upplifa almennt góð tækifæri til símenntunar í skólanum.
- Stjórnendur skipta á milli sín að sjá um starfsmannasamtöl og er framkvæmd þeirra í föstum farvegi. Einhverjir telja þau þó ekki skila miklu, athuga mætti því væntingar starfsmanna til samtalanna og hvernig væri hægt að ná meiri gagnsemi.

### **Viðhorf starfsmanna til stjórnunar**

Í viðhorfakönnun vorið 2009 mældust viðhorf starfsmanna til stjórnunar mjög jákvæð og mun jákvæðari en í sambærilegum könnunum 2007 og 2008.

Í viðhorfakönnuninni 2009 voru um 94% svarenda því sammála að vinnustaðnum væri vel stjórnað (gildið 4,50 sem er töluvert fyrir ofan meðaltalsgildið 4,02). Um 90% svarenda voru sammála því að ákvarðanir á vinnustaðnum byggðu á faglegum forsendum. Um 71% svarenda voru sammála því að upplýsingastreymi væri gott. Um 88% svarenda sögðust ánægð með samskiptin við næsta yfirmann og 77% sögðust sammála því að yfirmaður leysti þau ágreiningsmál er upp kæmu á vinnustaðnum.

Í rýnihópum og viðtölum kom fram almenn ánægja með stjórnendur, aðgengi að þeim væri gott, gott væri að leita til þeirra og stjórnendur væru faglegir og öruggir. Deildarstjórar fengu mikið hrós, þeir væru hvetjandi og gættu þess að hrósa og veita endurgjöf. Einnig fékk umsjónarmaðurinn hrós sem stjórnandi. Starfsmenn telja sig njóta töluverðs trausts stjórnenda. Það kom fram að skólastjóri væri meira sýnilegur en áður, sérstaklega gagnvart yngri nemendum en sumir töldu nemendur þekkja skólastjóra lítið.

### **Ábendingar**

- Viðhorfakönnun starfsmanna vorið 2009 sýndi mjög jákvæð viðhorf gagnvart stjórnun á vinnustaðnum.
- Í rýnihópum og viðtölum kom fram ánægja með stjórnendur, aðgengi að þeim var sagt gott og gott væri að leita til þeirra. Deildarstjórar og umsjónarmaður fengu hrós sem stjórnendur.

## **Fjármál**

### ***Úthlutun fjármagns og rekstraráætlun***

Í stefnukorti Menntasviðs fyrir 2010 er markmiðið í víddinni fjármál: Góð og hagkvæm nýting og stýring fjármála.

Grunnskólar Reykjavíkur fá úthlutað fjármagni til reksturs samkvæmt reiknilíkani Menntasviðs þar sem helstu viðmið eru nemendafjöldi og stærð húsnæðis.

Skólum er gert að skila rekstraráætlun til fjármálaþjónustu Menntasviðs þar sem fram kemur hvernig þeim fjármunum sem skólinn fær til reksturs hvert fjárhagsár verður ráðstafað. Menntasvið yfirfer rekstraráætlun og metur hvort hún er innan fjárheimilda. Foldaskóli skilaði rekstraráætlun fyrir árið 2011 á tilsettum tíma og var hún innan fjárheimilda skólans.

### ***Fjárhagsleg staða skólans***

Heildarfjárheimildir Foldaskóla fyrir árið 2009 voru að upphæð 461.323. kr., þar með er talin úthlutun til sérkennslu og kennslu nýbúa. Útgjöld ársins námu 468.699 þús. kr.

Heildarfjárheimildir Foldaskóla fyrir árið 2010 voru að upphæð 467.160 þús. kr., þar með er talin úthlutun til sérkennslu og kennslu nýbúa. Útgjöld ársins námu 467.949 þús. kr.

### ***Ábendingar***

- Foldaskóli skilaði rekstraráætlun fyrir árið 2011 á tilsettum tíma og var hún innan fjárheimilda skólans.
- Útgjöld árið 2009 voru yfir fjárheimildum, en innan marka árið 2010.
- Gæta þarf að góðri og hagkvæmri nýtingu og stýringu fjármála.

## Greining

### Styrkleikar:

Skipulag og umgjörð skólstarfs er til fyrirmyndar svo og greinargóðar upplýsingar til starfsmanna í Handbók. Námsárangur er almennt góður og miklar framfarir nemenda í stærðfræði. Foreldrar eru almennt ánægðir með skólann. Stjórnendur eru samhentir og samábyrgir.

### Veikleikar:

Nemendur í unglíngadeild eru gagnrýnir á ýmsa þætti í skólstarfinu. Sjálfsmat hefur ekki verið tekið saman í skýrslu sl. 4 ár.

### Ögranir:

Nemendum hefur fækkað töluvert í skólanum undanfarin ár.

### Tækifæri:

Nýta góðan aðbúnað og rúmt húsnæði til að auka fjölbreytni í skólstarfinu. Verða enn sýnilegri í grenndarsamfélaginu og efla enn frekar tengsl við foreldra. Nýta fyrirhugaðar breytingar til að efla starf í unglíngadeildum. Efla nýsköpunarþáttinn og byggja á þeim grunni sem lagður var þegar skólinn var móðurskóli.

## Samantekt ábendinga

### Skólstarf

#### Námsárangur

- Meðaltalsárangur nemenda í lestri í 2. bekk 2010 er hærri en í grunnskólum Reykjavíkur að meðaltali (77% miðað við 72% í borginni allri) og herra hlutfall nemenda í Foldaskóla telst geta lesið sér til gagns en að meðaltali (71% miðað við 67%) í borginni allri.
- Árangur í lesskimun vorið 2010 er sami og árið áður (77%) en hlutfallslega færri nemendur teljast geta lesið sér til gagns (71% miðað við 78% árið áður).
- Stærðfræðiskimun með Talnalykli var lögð fyrir nemendur í 3. bekk í Foldaskóla í nóvember 2010. Meðaltalsárangur var mælitalan 10,5 en meðalárangur nemenda í Reykjavík í þeim þætti prófsins var mælitalan 11.0.
- Í Foldaskóla stóðust 73% nemenda viðmiðin í fyrsta þrepi (72% í Reykjavík að meðaltali) og tveir nemendur töldust líklegir til að þurfa stuðning í stærðfræði.
- Meðaltalsárangur nemenda í Foldaskóla á samræmdum könnunarprófum í 4., 7. og 10. bekk haustið 2010 er í öllum greinum yfir landsmeðaltali og meðaltali borgarinnar.
- Framfarastuðull nemenda í 7. bekk Foldaskóla 2010 er hár í bæði íslensku og stærðfræði og í stærðfræði bendir framfarastuðull til mikilla framfara frá 4. bekk.
- Í 10. bekk er framfarastuðull sömuleiðis hár í báðum greinum og í stærðfræði bendir framfarastuðull til mikilla framfara frá 7. bekk.
- Foldaskóli er í hópi 10 skóla sem fá besta útkomu í lesskilningi, stærðfræði og náttúrufræði í Pisa 2009. Þátttaka nemenda í rannsókninni var 86%.

#### Stjórnun og skipulag

- Skólastjóri leggur áherslu á samvinnu sem byggir á trausti og lýðræðislega stjórnunarhætti þannig að hann geti útdeilt ábyrgð og verkefnum til samstarfsmanna sinna.
- Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri unglíngastígs mynda stjórnunarteymi skólans og hittast reglulega á fundum auk þess sem þau hafa mikið óformlegt samráð.

- Skipurit skólans og starfslýsingar stjórnenda eru í Handbók starfsmanna, kafla um skipurit, stjórnun og skipulag, þar er gerð grein fyrir helstu verkefnum stjórnenda hvers um sig.
- Kennarafundir eru á föstum fundartíma einu sinni í viku, einu sinni í mánuði breytast þeir í starfsmannafundi með þátttöku allra starfsmanna. Stigsfundir eru á nokkurra vikna fresti, ekki alveg reglulega og stundum á móti kennarafundum.
- Í spurningu um stjórnun skólans í foreldrakönnun 2010 töldu 84% foreldra skólanum vera vel stjórnað, þar af sögðust 38% telja skólanum vera mjög vel stjórnað. Þessi niðurstaða er hærra en að meðaltali í borginni.
- Starfsmenn í rýnihópum eru almennt jákvæðir gagnvart stjórnendum sérstaklega deildarstjórum sem eru sagðir duglegir að hrósa. Stjórnendur eru sagðir aðgengilegir fyrir starfsmenn og sýnilegir.
- Nemendur í rýnihópum kannast við skólastjórann en halda að hann þekki þau ekki, deildarstjóra og aðstoðarskólastjóra þekkja þau betur.
- Skoðaðar voru stundatöflur bekkja og hópa. Á töflu 1.-4. bekkja eru skráðir 30 tímar, á töflu 5.-7. bekkja 35 nemendatímar og í 8.-10. bekk eru skráðir 37 tímar, þar af 4-6 tímar í valgreinar.
- Skóladaurinn er skipulagður þannig að kennt er í 80 mínútna lotum hjá öllum árgöngum. Stundatöflur eru samfelldar í öllum árgöngum en dagar mislangir á unglingsstigi. Sundtímar falla inn í töflu.
- Samstarf við foreldra er viðamikil að sögn skólastjóra. Samstarf er gott við kirkjuna og byggir á hefð.
- Skólahljómsveit Grafarvogs er staðsett í skólanum og gott samstarf við hana og mikill samgangur við skólastjórann og kennara. Tónlistarskóli Hörpunnar er með aðstöðu í skólanum og einnig Tónlistarskóli Grafarvogs.
- Samstarf er við leikskólana í hverfinu með gagnkvæmum heimsóknum og „vorskóla“ fyrir nemendur sem eru að hefja skólagöngu sína.
- Foldaskóli tekur þátt í samstarfi grunnskóla í Grafarvogi, m.a. föstum fundum með stjórnendum skólanna og unnið hefur verið að sameiginlegum þróunarverkefnum, s.s. Byrjendalæsi og Orð af orði.

### **Stefna og starfsáætlun**

- Starfsáætlun Foldaskóla fyrir skólaárið 2010-2011 var yfirfarin á grunnskólaskrifstofu Menntasviðs haustið 2010. Hún er vel unnin og framsetning með ágætum og í fullu samræmi við þær kröfur sem Menntasviðs Reykjavíkur gerir til starfsáætlana grunnskóla Reykjavíkur.
- Í Handbók starfsmanna er sett fram hlutverk skólans og markmið skólastarfs í Foldaskóla. Einkunnarorð skólans eru: Siðprýði – menntun - sálarheill.
- Áherslur skólans og stefnumörkun var unnin í starfsmannahópnum undir stjórn skólastjóra fyrir nokkrum árum og að hans mati er kominn tími á að endurskoða þær ekki síst í ljósi þeirra breytinga sem eru framundan.
- Í viðhorfskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar 2009 kemur fram að starfsmenn telja sig þekkja markmið og stefnu vinnustaðarins.

### **Nemendur og líðan**

- Í könnun sem lögð var fyrir nemendur í 5.-7. bekk í grunnskólum Reykjavíkur vorið 2009 þar sem spurt var um líðan nemenda í kennslustundum var niðurstaðan í Foldaskóla sú að 74,8% nemenda svöruðu að þeim liði mjög eða frekar vel í kennslustundum. Það er yfir meðaltali allra grunnskóla í landinu sem var 72.4%.



- Í könnun Skólapúlsins sem lögð var fyrir úrtak nemenda úr 6.-10. bekk Foldaskóla í apríl 2011 hefur ánægja af lestri aukist frá síðustu mælingum (í des. og feb.) og er nú yfir landsmeðaltali og aðeins yfir meðaltali í samanburði sambærilegra skóla.
- Áhugi á stærðfræði hefur einnig aukist frá síðustu mælingu og er yfir meðaltali landsins eins og áður. Í samanburði sambærilegra skóla er skólinn einnig yfir meðaltali.
- Spurningar er varða líðan nemenda; sjálfsálit, stjórn á eigin lífi, kvíða og vanlíðan koma betur út en í fyrri mælingum.
- Spurningar í Skólapúlsinum sem varða skóla- og bekkjaranda koma almennt vel út og er skólinn yfir meðaltali sambærilegra skóla.
- Foreldrar barna í Foldaskóla mátu líðan barna sinna í skólanum upp á skorið 4,2 í foreldrakönnun 2010. Meðaltalið í borginni allri var 4,1.
- Skólinn er þátttakandi í Olweusarverkefni gegn einelti og beitir aðferðafræði Olweusar við úrlausn eineltismála og í forvörnum við einelti.
- Eineltiskönnun er gerð árlega. Í könnun sem lögð var fyrir í 4.-10. bekk í nóvember 2010 kemur fram að 3,8% nemenda telja sig hafa orðið fyrir einelti í síðasta mánuði sem er lægra en almennt gerist. Einelti mælist mest meðal drengja á miðstigi. Einelti á sér helst stað á skólalóðinni og á göngunum.
- Spurning um einelti kemur verr út í Skólapúlsinum en áður en ekki marktækt þó.
- Af 54 foreldrum í Foldaskóla er svöruðu spurningu um hvort barn þeirra hefði verið lagt í einelti í skólanum, sögðu 19 eða 35%, svo vera. Meðaltalið fyrir skólana alla var 27%.
- Nemendur í rýnihópum tala flest um að þeim líði vel í skólanum og séu örugg en þær raddir heyrast líka að þau séu ekki alltaf örugg um sig „maður er öruggur ef maður á góða vini“ og flestir eiga vini segja þau.
- Nemendur tala almennt vel um kennara sína, þeir eru „fínir“ og „skemmtilegir“ en „sumir kennarar ráða ekki við suma krakkana“. Gagnrýnust eru þau á unglíngastigi og segja viðmót kennara misjafnt.

### **Stjórn nemendafélags**

- Nemendur í stjórn nemendafélags Foldaskóla segja þátttöku í félagslífinu vera góða.
- Athuga mætti hvort hægt væri að virkja betur nemendur í stjórn nemendafélagsins til að taka meiri ábyrgð, s.s. varðandi fundarstjórn og ritun fundargerða.
- Athuga mætti hvort tengsl skólans við stjórn nemendafélags gætu verið meiri þar sem starfið virðist eins og staðan er nú nánast alveg á forræði félagsmiðstöðvar.
- Athygli er vakin á því að samkvæmt 10. grein grunnskólalaga nr. 91/2008 skal nemendafélagið setja sér reglur um kjör fulltrúa nemenda í skólaráð. Einnig má athuga að kynna störf skólaráðs betur fyrir nemendum.

### **Reglur og agi**

- Í Handbók nemenda og foreldra í Foldaskóla, kaflanum: *Að vera í Foldaskóla* eru birtar skólareglur svo og öryggis- og umgengisreglur og viðurlög við þeim.
- Skólareglur uppfylla að mestu þau viðmið sem kveðið er um í grunnskólalögum (nr. 91/2008) og nógildandi reglugerð um skólareglur (nr. 270/2000), sjá meðfylgjandi gátlista um skólareglur.
- Uppbyggingarstefna (Restitution) í skólastarfi var innleidd í Foldaskóla fyrir nokkrum árum og enn er unnið eftir henni en þó mest í yngri deildum. Uppbyggingarstefna er hugmyndakerfi sem í felst bæði aðferð og stefnumörkun skóla til bættra samskipta.
- Í rýnihópum kennara og starfsmanna kemur fram að almennt sé góður vinnufriður í kennslu og samskipti við nemendur góð. Skólareglur eru skýrar að þeirra mati og nemendur meðvitaðir um þær.

- Þó er það ekki alltaf skýrt að þeirra mati hvenær farið er yfir mörkin og misjafnt eftir kennurum hvar þau eru sett. Hjá kennara kemur fram að stjórnendur standi þétt við hlið kennara í agamálum og tekið er á þeim fljótt og afdráttarlaust.
- Í flestum kennslustundum sem heimsóttar voru mátti sjá styrka stjórn kennara og góðan vinnufrið (sjá fylgiskjal; vettvangsathuganir).
- Í foreldrakönnun 2010 kom fram að um 80% svarenda í Foldaskóla fannst aginn hæfilegur sem er undir meðaltali í borginni allri (tæp 83%).
- Fjarvera nemenda vegna veikinda, leyfa eða fjarvista er almennt svipuð og að meðaltali í öðrum skólum og minni í yngri deildum en unglíngadeild. Fjarvistir (óheimilar) eru hlutfallslega mestar í öðrum 9. bekknum og öðrum 10. bekknum.

### Viðhorf foreldra og þátttaka í skólastarfi

- Í Handbók nemenda og foreldra Foldaskóla, kafla um samstarf skóla og heimila segir: Gott samstarf heimila og skóla er ein meginforsendan fyrir góðu skólastarfi og samstarfsgrundvöllurinn er **samstarfið um barnið**.
- Í heildina fær skólinn góða útkomu í foreldrakönnuninni fyrir árið 2010. 87% foreldranna sögðust vera ánægð með skólann og 84% foreldra telja skólanum vera vel stjórnað.
- Ánægja foreldra með umsjónarkennara barnanna var mjög mikil í skólanum fyrir árið 2010 og í öllum tilvikum hærrí eða jöfn meðaltölum borgarinnar allrar.
- Um 93% svarenda fannst skólinn gera *hæfilegar* námslegar kröfur til barnsins síns, 80% fannst aginn *hæfilegur* og 78% fannst magn heimavinnu barnsins *hæfileg*.
- Sé miðað við könnunina 2008, þá jókst ánægja foreldra með almennt ástand húsnæðis, aðstöðu til að matast, leikaðstöðu á skólalóð, samskipti starfsfólks við barn þeirra og hvernig skólinn kom til móts við þarfir barns þeirra en minnkaði hvað varðar aðstöðu til íþróttaiðkunar.
- Foreldrar í rýnihópi segja aðgengi að kennurum gott og flestir senda vikulega upplýsingar um nám barnanna, hvað er fram undan og hvað er verið að leggja áherslu á. Þeim finnst þó æskilegt að sjá kennara oftar.
- Styrkur skólans að mati foreldra í rýnihópi er áhersla á lestur og framsögn. Einnig að skólahúsnæðið er gott og verkgreinar með mjög góða aðstöðu. Skólastarfið er traust og gott og lítil hreyfing á kennurum.
- Þeim finnst líka að foreldrasamstarf mætti vera meira og foreldrum oftar boðið í heimsókn á skólatíma.
- Skólaráð fundar einu sinni í mánuði, það starfar skv. lögum og reglugerð, þar situr skólastjóri og þrír fulltrúar starfsmanna skólans auk fulltrúa foreldra og nemenda.
- Foreldrar í rýnihópi eru ánægðir með starf skólaráðsins, fulltrúar foreldra í skólaráði segjast vera fullgildir álitsgjafar „það er virkilega hlustað á okkur“.
- Foreldrafélag er starfandi við skólann, í starfsáætlun skólans kemur fram að allir foreldrar og forráðamenn eru félagar og bekkjarfulltrúar eru kosnir úr hópi foreldra.
- Foreldrafélagið hefur umsjón með nokkrum föstum árlegum viðburðum, s.s. jólaföndri, páskabingói og vorfagnaði. Bekkjarfulltrúar sjá um foreldrarölt og bekkjarkvöld og á þau er almennt vel mætt.

### Verklag

#### Fjölbreyttar leiðir í námi

- Gildi skólans eru: Siðprýði – Menntun – Sálárheill. Almenn markmið skólastarfsins eru sett fram í skólastefnu.
- Þessi markmið eru endurtekin í námsvísunum árganga og tengja þannig á milli stefnunnar og markmiða í einstökum námsgreinum .

- Í námsvísunum árganga eru birt almenn markmið, lýsing á námsmati og kennsluáætluðum auk þess sem þar koma fram markmið, leiðir að markmiðum, námsþættir, námsgögn og námsmat í hverri námsgrein. Gerð er grein fyrir tilhögun heimavinnu í sumum árgöngum en ekki öllum.
- Skoðuð voru sýnishorn af kennsluáætlunum, þær eru ólíkt fram settar eftir greinum og aldri nemenda.
- Í skólanum er hefðbundin bekkjarkennsla. Umsjónarkennari kennir flestar greinar í 1.-7. bekk en sérgreinakennurum fjölgar eftir því sem ofar dregur.
- Kennsluhættir eru fjölbreyttir að mati kennara, en þó mismunandi eftir kennurum og greinum. Faggreinakennsla er í eldri bekkjum og ber hver kennari ábyrgð á sinni grein. Í yngri deildum er unnið með *Byrjendalæsi*, og aðferðir tengdar *Orð af orði* í kennslu.
- Í vettvangsathugunum voru nemendur oftast að vinna að verkefnum undir stjórn kennara, allir að sama eða hliðstæðu verkefni í um 47% stunda, bein kennsla/innlögn/umræður voru í um 22% stunda, verklegt og sköpun og tjáning í list- og verkgreinum fyrst og fremst og markvissa samvinnu eða sjálfstæða vinnu að einhverju leyti að eigin vali var merkt við í um 10% tilvika.
- Af þeim kennslustundum sem heimsóttar voru teljast 15% stunda frábærar, 54% góðar og 31% viðunandi. Engin kennslustund var óviðunandi.
- Í flestum kennslustundum sem heimsóttar voru mátti sjá styrka stjórn kennara og góðan vinnufrið.
- Skólinn er Grænfánaskóli og hefur verið að taka einnig upp útikennslu. Löng hefð er fyrir kennslu í nýsköpun og skólinn var um árabil móðurskóli í nýsköpun.
- List- og verkgreinar eru í sumum tilfellum kenndar í námskeiðsformi eða svokallaðri hringekju.
- Boðið er upp á val í um 40 valgreinum í 8.-10. bekk. Þar af tengist nærri helmingur list- og verkgreinum. Til að auka fjölbreytnina í valáföngum er boðið upp á sameiginlegt val í grunnskólunum í Grafarvogi.
- Skólasafnið er upplýsinga- og menningarmiðstöð skólans, segir í Handbók starfsmanna. Þar er að finna fjölbreyttan bókakost bæði til yndislesturs og fræðivinnu á öllum stigum skólans.
- Markmið námsmats eru skilgreind í skólanámskrá. Formlegt námsmat fer fram við annaskipti þrisvar á ári, munnlegt og/eða skriflegt. Miðað við sýnishorn af vitnisburðablöðum er gefin umsögn í orðum frá 1.-3. bekk en prófs- og vinnueinkunn í heilum og hálfum tölum frá 1-10 frá 4. bekk og á unglingsstigi.
- Skólastarfið var metið út frá matstæki um einstaklingsmiðað nám og er skólinn í flestum þáttum kominn nokkuð áleiðis í átt til einstaklingsmiðaðs náms, heildarútkoma er 3 stig á kvarðanum 1-5. Lengst er skólinn kominn í viðhorfastoðinni og námsumhverfisstoðinni.
- Nemendur gera ekki eigin áætlanir um nám sitt nema í 4.-7. bekk þar sem nemendur gera áætlun um heimanám. Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir þá sem þurfa sérkennslu.
- Sóknarfæri er fyrir skólann að gera kennsluna enn betri með fjölbreyttum og krefjandi verkefnum nemenda.

### **Skóli án aðgreiningar**

- Deildarstjóri í 50% starfi stýrir sérkennslunni og samstarfi þeirra sem að sérkennslu koma. Gott aðgengi er að stjórnanda að sögn rýnihóps um sérkennslu. Ekki eru fastir samráðsfundir með þeim sem starfa í sérkennslu en hópurinn hittist eftir þörfum.
- Í Handbók starfsmanna, kafla um stoðkerfi skólans kemur fram að sérkennslan byggir á grunnskólalögum, aðalnámskrá grunnskóla og stefnu borgarinnar um sérkennslu.

Sérkennslan er skilgreind sem kennsla nemenda eða nemendahópa sem þarfnast tímabundinnar aðstoðar eða samfellds stuðnings, jafnvel alla skólagögnuna. Hún felur í sér breytingar á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum og kennsluáðferðum og er grundvöllur á faglegu mati á stöðu hvers nemanda.

- Í rýnihópi kemur fram að sérkennsla, sem er fyrst og fremst stuðningur í námi sem fer fram á öllum stigum, yngsta mið- og unglingastigi. Aðaláhersla er lögð á íslensku og lestur og stærðfræði fyrir þau sem eru eldri.
- Námsver eru í skólanum fyrir yngsta og miðstig en í unglingadeild fer sérkennsla fram inni í bekk eða teknir eru út litlir hópar eftir þörfum, segir í handbók (kafla 7.2).
- Greiningar og skimanir eru lagðar til grundvallar vali á nemendum í sérkennslu en einnig er farið eftir mati umsjónarkennara og fyrir kemur að beiðni kemur frá foreldrum, segir í rýnihópi.
- Einstaklingsnámskrár eða -áætlanir eru gerðar af deildarstjóra og sérkennara og í samráði við foreldra, „foreldrar koma að málunum og samþykkja“, segir í rýnihópi um sérkennslu.
- Sérkennslan hefur til umræða tvær stofur og er rúmt hana eins og um allt starf í skólanum, kemur fram í rýnihópi. Tölvukostur er þó ekki góður.
- Viðhorf starfsfólks og nemenda er almennt jákvætt gagnvart sérkennslunemendum, en þeir eru ekki allir virkir í heildarsamfélagi skólans.
- Samstarf sérkennara við bekkjarkennara er gott og vikulega eru árgangafundir. Stuðningsfulltrúar eru með á deildarfundum þegar þarf. Teymi eru starfandi um málefni nemenda sem hafa miklar sérþarfir.
- Upplýsa mætti betur um þjónustu Miðgarðs við skólann að mati rýnihóps um sérkennslu. Skólasálfræðingur fer inn í bekk ef þarf til að fylgjast með nemendum sem eru í greiningu.
- Námsráðgjafinn starfar mest með nemendum í 6. bekk og eldri og verkefni eru fjölbreytt; hún vinnur að forvarnarfræðslu Flott án fíknar, en einnig námstækni og samskiptavandamálum. Kennarar leita líka til hennar með sín mál.
- Stuðningsteymi (lausnateymi) er starfandi við skólann en er minna notað nú en áður, að mati rýnihópsins hefur þörfin fyrir það minnkað.
- Hlutverk nemendaverndarráðs er að fylgjast sérstaklega með nemendum sem af einhverjum ástæðum líður illa eða eiga í einhverjum erfiðleikum í skólanum. Það kemur saman aðra hverja viku á starfstíma skóla, í því sitja deildarstjóri sérkennslu, námsráðgjafi, skólasálfræðingur, hjúkrunarfræðingur og deildarstjórar. Fulltrúi frá félagsþjónustu í Miðgarði sækir fundi ráðsins u.þ.b. einu sinni í mánuði.
- Fardeild er sérhæft úrræði sem þjónar grunnskólunum í borgarhluta 4 (Grafarvogi og Kjalarnesi). Ráðgjafar í Fardeild veita ráðgjöf og vinna með nemendum í náms- og hegðunarerfiðleikum sem og nemendum með atferlisvanda og/eða geðraskanir. Fardeildin hefur aðsetur í Foldaskóla. Við deildina starfa tveir starfsmenn í 1,7 stöðugildi, þroskaþjálfari og sálfræðingur. Ekki var lagt mat á starf deildarinnar í heildarmati á Foldaskóla.

### **Skólaþróun og mat**

- Foldaskóli hefur unnið að þróunarverkefnum í samstarfi við grunnskóla í Grafarvogi. Verkefni eru Byrjendalæsi, gagnvirkur lestur og aðferðir tengdar Orð af orði
- Skólinn hefur verið Grænánaskóli frá árinu 2006 og fékk aftur úthlutað árið 2008 og 2010. Skólinn stefnir einnig að því að verða heilsuefandi skóli.
- Á heimasíðu er að finna upplýsingar um tvö þróunarverkefni, annars vegar Evrópskt samstarfsverkefni sem fjallar um leiðir skóla til að leysa ágreiningsmál sem upp koma meðal nemenda. Hins vegar Innoed en hugmynd verkefnisins er að nýta sér

upplýsingatækni og fjarnám fyrir hugmyndavinnu og skapandi hugsun. Ekki kemur fram hvort þessum verkefnum er lokið.

- Árið 1993 var Foldaskóli útnefndur móðurskóli í nýsköpun. Frá 1993 til 1996 sömdu tveir kennarar Foldaskóla námsefni í nýsköpun fyrir 4. til 7. bekk. Þetta námsefni hefur verið tilraunakennt í skólanum og endurskoðað út frá því.
- Þegar sjálfsmat Foldaskóla var metið í úttekt á vegum Menntamálaráðuneytisins vorið 2007 uppfyllti skólinn bæði viðmið um sjálfsmatsaðferðir og framkvæmd sjálfsmats að öllu leyti.
- Sjálfsmatsskýrsla Foldaskóla frá árinu 2007 er á heimasíðu undir: Mat á skólastarfi. Þar er leitast við að svara matsspurningum um stjórnun, líðan nemenda, starfsanda og upplýsingagjöf til foreldra. Matsáætlun til fjögurra ára er byggð á niðurstöðum sjálfsmatsins.
- Sjálfsmatsskýrsla hefur ekki verið sett upp í Skólaspeglinum (Skoldialogen).
- Á heimasíðu er einnig að finna áherslu og umbótaáætlun skólans 2011. Verkefni eru byggð á stefnumótun MSR og/eða stefnumótun skólans

### **Virk upplýsingamiðlun**

- Í Handbók starfsmanna, kafla um boðskipti milli heimila og skóla er yfirlit yfir upplýsingamiðlun skólans til foreldra. Gefin er út Handbók nemenda og foreldra með upplýsingum um skólastarfið, fréttabréf er sent út einu sinni á önn og skóladagatal er kynnt foreldrum í skólalok fyrir komandi skólaár.
- Í foreldrakönnun 2010 sögðust rúm 80% foreldra barna í skólanum vera ánægð með upplýsingagjöf frá skólanum, þar af voru um 33% mjög ánægð. Þetta skilaði skólanum meðaltalinu 4,1 í spurningunni, sem er jafnt meðaltali í Reykjavík (4,1).
- Foreldrar í rýnihópi nokkuð ánægðir með upplýsingar frá kennurum um nám og kennslu sem koma „tiltölulega reglulega“, en vildu gjarnan heyra meira, ekki síst um sín börn. Þeir lýsa ánægju með fréttabréf skólans.
- Starfsáætlun og skólanámskrá Foldaskóla fyrir skólaárið 2010-2011 liggja fyrir við matið og er þar gerð grein fyrir flestum þáttum skólastarfsins
- Þættir skólanámskrár birtast í Handbók nemenda og foreldra sem er á heimasíðu skólans og einnig í Handbók starfsmanna sem ekki er að finna á heimasíðu.
- Æskilegt er að hægt sé að finna þætti skólanámskrár og starfsáætlunar undir þeim yfirheitum á heimasíðu.
- Nemendur gera almennt ekki eigin áætlanir um nám sitt en á miðstigi gera nemendur eigin heimavinnuáætlun. Einstaklingsnámskrár eða aðlagðar námskrár eru gerðar fyrir þá sem þurfa sérkennslu.
- Kennsluáætlanir eru gerðar ýmist fyrir önnina eða allan veturinn í hverri námsgrein. Þær eru ólíkt fram settar eftir greinum og aldri nemenda.
- Heimasíða Foldaskóla er nokkuð aðgengileg og fréttir virðast uppfærðar reglulega.
- Upplýsingar fyrir foreldra um skólastarfið birtast m.a. í handbók nemenda og foreldra, svo og í námsvísunum fyrir hvert stig.
- Upplýsingar eru á síðunni um skólaráð, skipan þess og hlutverk og fundargerðir eru birtar. Upplýsingar eru um stjórn foreldrafélags og starfsemi foreldrafélags.
- Í rýnihópi foreldra kemur fram það álit að heimasíðan sé slök og ekki mikið skoðuð þó þar séu gagnlegar upplýsingar og fréttir. Heimsóknnum á heimasíðu hefur fjölgað verulega milli síðustu tveggja skólaára skv. upplýsingum skólastjóra.
- Upplýsingar um kennslu nýbúa vantar á síðuna, annars er þar fjallað um nær allt sem ætlast er til að þar sé að finna

## **Öruggt, heilnæmt og vistvænt skólaumhverfi**

- Foldaskóli er Grænfánaskóli og fékk fánanum úthlutað fyrst árið 2006 og svo aftur 2008 og 2010. Umhverfisstefna Foldaskóla hefur það að leiðarljósi að efla virðingu og jákvæð viðhorf nemenda til náttúrunnar, umhverfisins og alls lífs.
- Umhverfisstefna Foldaskóla tekur mið af Staðardagskrá 21 þar sem stefnt er að því að lífstíll, hegðun, neysla og daglegt líf stuðli að sjálfbæru samfélagi.
- Rýmingaráætlun skólans liggur fyrir og er uppi við í skólastofum. Rýmingaræfing er haldin á hverju hausti.
- Foldaskóli hefur sett sér markmið um að meta markvisst vinnuumhverfi allra starfsmanna með tilliti til heilsu, líðan og öryggis.
- Fjallað er ítarlega um áhættumat sem gert var árið 2007 í Vinnuumhverfishandbók Foldaskóla sem liggur fyrir við heildarmatið. Árlega fer öryggisnefnd skólans yfir áhættumatið og síðustu rýmingaræfingu. Einnig liggur fyrir áætlun um viðbrögð við vá.

## **Mannauður**

### **Starfsánægja og líðan starfsmanna**

- Viðhorfakönnun starfsmanna 2009 mældi mjög jákvæð viðhorf starfsmanna gagnvart ýmsum þáttum, s.s. stjórnun og skipulagi, samvinnu, starfsanda.
- Í rýnihópum og viðtölum kom fram að starfsmenn eru almennt ánægðir í störfum sínum í skólanum, starfsandi væri mjög góður og samstarfið gott.
- Starfsmenn lýstu yfir ánægju með fundafyrirkomulagið sem væri í föstum skorðum og vel stýrt af stjórnendum.
- Helsta gagnrýni á fyrirkomulag fundanna var það að kalla mætti meira eftir skoðunum starfsmanna á fundunum til að skapa meiri umræðu. Einnig mættu deildarfundir oft vera markvissari.
- Ekki komu fram miklar athugasemdir varðandi aðbúnað en athuga má hvort hægt sé að koma til móts við athugasemdir starfsmanna um aðbúnað á vinnustaðnum.

### **Símenntun og starfsþróun**

- Við matið liggur fyrir greinargóð símenntunaráætlun sem er í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar og gerir grein fyrir áherslum skólans. Áætlunin gerir ráð fyrir þátttöku allra starfsmanna.
- Starfsmenn upplifa almennt góð tækifæri til símenntunar í skólanum.
- Skólastjórnendur deila með sér umsjón með starfsmannasamtölum og framkvæmd þeirra í föstum farvegi. Einhverjir telja þau þó ekki skila miklu, athuga mætti því væntingar starfsmanna til samtalanna og hvernig væri hægt að ná meiri gagnsemi.

### **Viðhorf starfsmanna til stjórnunar**

- Viðhorfakönnun starfsmanna vorið 2009 sýndi mjög jákvæð viðhorf gagnvart stjórnun á vinnustaðnum.
- Í rýnihópum og viðtölum kom fram ánægja með stjórnendum, aðgengi að þeim var sagt gott og gott væri að leita til þeirra. Deildarstjórar og umsjónarmaður fengu hrós sem stjórnendur.

## **Fjármál**

- Foldaskóli skilaði rekstraráætlun fyrir árið 2011 á tilsettum tíma og var hún innan fjárheimilda skólans.
- Útgjöld árið 2009 voru yfir fjárheimildum, en innan marka árið 2010.
- Gæta þarf að góðri og hagkvæmri nýtingu og stýringu fjármála.

## Heimildir

*Aðalnámskrá fyrir grunnskóla. 2007.*

*Einsetning grunnskóla Reykjavíkur. Sögulegt yfirlit 1994-2002.2002. Reykjavík. Fasteignastofa ReykjavíkurFoldar, Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.*

*Handbók nemenda og foreldra. Foldaskóli. 2010.*

*Handbók starfsmanna, Foldaskóli. 2010.*

*Lög um grunnskóla nr. 91/2008.*

Námsmatsstofnun: <http://www.namsmat.is/vefur/rannsoknir/pisa.html>.  
Skoðað 25. nóvember 2008.

*Niðurstöður lesskimunar í 2. bekk. Foldaskóli vorið 2010. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.*

*Skólapúlsinn. [www.skolapulsinn.is](http://www.skolapulsinn.is)*

*Skýrsla um samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk 2009. Reykjavík. Námsmatsstofnun.*

*Starfsáætlun Foldaskóla skólaárið 2010-2011. Foldaskóli.*

*Stefna og starfsáætlun Menntasviðs Reykjavíkurborgar 2010. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.*

*Niðurstöður úr Talnalykli í Foldaskóla haustið 2009.*

*Ungt fólk 2009. 5., 6. og 7. bekkur. Hagir og líðan barna á Íslandi, íþrótt- og tómstundaiðja, nám og skóli, samband við fjölskyldu og vini, lestur, miðlar og tækjæign. Reykjavík. Rannsóknir og greining.*

*Viðhorf foreldra til grunnskólastarfs í Reykjavík. 2010. Foldaskóli. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.*

*Viðhorfskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar 2009. Foldaskóli. Reykjavík: Mannauðsskrifstofa.*

[www.Foldaskoli.is](http://www.Foldaskoli.is)

### Fylgiskjöl

1. Foldaskóli og skólahverfi
2. Matstæki um einstaklingsmiðað nám
3. Viðmið um mat á gæðum kennslustundar
4. Vettvangsathuganir - trúnaðarskjal
5. Gátlisti um skólanámskrá
6. Gátlisti um starfsáætlun
7. Gátlisti um heimasíðu
8. Gátlisti um skólareglur